

**MARADONA 1986 | 2014 MESSI**

5	4
4	1
14	8
71,4%	63%
26	21
1	?

**Órslitaleikurinn á HM**  
**MUNURINN Á MESSI OG MARADONA ▶ 20**

Miðbik Norðurlands sótt heim  
**VINALEGIR BÆIR OG BLÓMLEGAR SVEITIR**  
▶ 24



**Opið allan sólarhringinn**  
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

**OPIÐ 24 TÍMA**

**Iceland**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**  
12. júlí 2014  
162. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\***

\*Samkvæmt Örnefniáskiptunum Útvarpsráðs Íslands, janúar - maí 2014

## SLYSIÐ BREYTTI FORGANGSRÖÐUNINN

Eitt ár er liðið frá því að Róbert Wessman lenti í afdrifaríku hjólreiðaslysi. Hann slasaðist alvarlega og braut meðal annars tvo hryggjarliði. Hann ræðir við Fréttablaðið um bataferlið og ómetanlegan stuðning fjölskyldu, vina og samstarfsmanna. ▶ 16



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GOTT Á FERILSKRÁNA**  
Hálsmenalína systrana Kristínar og Áslaugar vekur eftirtekt erlendis og prýðir forsíður blaða. ▶ 12

Élags- og man...

0,55 m. Tölvun...stærðfræði

0,85 m. Kennaranám

0,98 m. Hjúkrunarfræði

1,15 m. Verk-, tækni- og efnafræði

1,58 m. Læknisfræði

2,55 m. Tannlækningar

**HVAÐ KOSTAR BA-GRÁÐAN?** ▶ 8

**ZEBRA KATZ**

Drekkur í sig íslenska menningu. ▶ 46

**FÓLK**

atvinna

ABALBÓKARI

rannsóknir

ARN GEGN KINGU

**LYFJA**  
- Lífið heil

**Opið alla daga frá kl. 8-24 í Lyfju Lág múla og Smáratorgi**

www.lyfja.is



## GLEÐIFRÉTTIN

## Við slökkvistarf á stuttbuxunum



Stefán Már Kristinsson, aðstoðarvarðstjóri hjá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu, var í Hagkaupum þegar hann fékk boð um útkall vegna stórbrunnans í Skeifunni. Stefán sleppti því að fara heim til að sækja búning og hóf slökkvistarf á stuttbuxunum. „Ég tímdi ekki að fara heim. Þegar svona eldur kemur upp eru svo ótrúlega mörg verk sem þarf að vinna – meira að segja fyrir mann á stuttbuxum.“

## FIMM Í FRÉTTUM FLOTT FYRIRSÆTA OG UMDEILT HÚS



Volúme Model Management.



Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra stefnir að því að leggja fram frumvarp um millidómstig í haust eða vetur.



Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, segir almenna óánægju með Þorlaksbúð í Skálholti og að stofnunin vilji að húsið víki af staðnum.



Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir efnahagslega áhættu afnáms gjalddeyrishafta vera minni en hættuna sem fylgi ofhitnun hagkerfisins.



→ Nýtt frumvarp um raforku sem Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra ætlar að leggja fram á á næsta þingi er talið takmarka skipulagsvald sveitarfélaga.

## VIKAN 05.07.→11.07.2014

**LAUGARDAGUR Lundinn í frjálsum falli** Útlit er fyrir að varp lundans verði með versta móti eitt árið enn og hefur lundastofninn látið svo á sjá að í raun má tala um stofnhrun.

**SUNNUDAGUR Skeifan brennur** Gríðarlegt tjón varð þegar mesti bruni í áratugi át allt það sem fyrir varð í Skeifunni 11.



**MÁNUDAGUR Banaslys í Terra Mítica** Átján ára íslendingur, Andri Freyr Sveinsson, lést í skemmtigarðinum Terra Mítica en hann féll úr úrsíbanu.

**ÞRIÐJUDAGUR Buchheit snýr aftur** Lee Buchheit, aðalsamningamaður Íslands í Ícesave-deilunni, er ráðinn til að aðstoða við afnáms gjalddeyrishafta.

**MIÐVIKUDAGUR Umdeildur bjargvættur í Bolungarvík** Valdimar Lúðvík Gíslason, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Bolungarvík, gengst við að hafa skemmt friðað hús þar í bæ til að sporna við slyshættu.

**FIMMTUDAGUR Sjúkrabíll kom í tíma** Joaquín Valera, framkvæmdastjóri skemmtigarðsins Terra Mítica, segir aðstoð hafa borist fljótt þegar banaslysið varð þar í garðinum.



**FÖSTUDAGUR Stefnir á lækku skulda**

„Við stefnum að því að fyrir 2020 verði skuldastaða Íslands orðin ein sú besta í Evrópu.“ ▶ **SÍÐA 6**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, á fundi miðstjórnar.

# Bagalegt að mega ekki kynna íþróttir í skólum

Framkvæmdastjóri ÍR vill fá að kynna starfsemi íþróttafélaga í hverfisskólum eins og áður. Segir bann við kynningu bagalegt, sérstaklega í hverfi þar sem íslenska sé ekki móðurmál margra foreldranna. Það vita ekki allir af frístundakortinu og verða hissa þegar þeim er sagt frá því.

**ÍÞRÓTTIR** „Bann við kynningu á starfsemi íþróttafélaga í skólum er mjög bagalegt, sérstaklega í hverfisskólum þar sem hátt hlutfall foreldra er ekki með íslensku sem móðurmál. Margir foreldrar hafa ekki yfirsýn yfir það sem er í boði.“ Þetta segir Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri Íþróttafélags Reykjavíkur, ÍR.

Öflugt samband var á milli íþróttafélaga og skóla áður en ákveðið var með reglugerð að banna að því er virðist aðallega lífsskoðunarfélögum að kynna starfsemi sína í skólum, eins og Haukur orðar það. „Það bann náði einnig til íþróttafélaga. Ég finn vilja hjá starfsmönnum skóla til að sambandið við íþróttafélögin verði eins og það var áður. Við höfum farið fram á það og þetta hefur verið rætt hjá skóla- og frístundasviði en til þessa hafa menn ekki verið tilbúnir að breyta þessu.“

Eva Dögg Guðmundsdóttir, stjórnandi verkefnis sem býður friar íþróttæfingar á lóð Fellaskóla í sumar og er styrkt af íþrótt- og tómsundaráði, sagði í Fréttablaðinu í gær að nýting frístundakortsins hefði verið miklu minni í hverfi 111 en í öðrum hverfum Reykjavíkur.

Haukur segir foreldra hafa komið til sín sem ekki hafi vitað hvað hann var að tala um þegar hann nefndi frístundakortið við þá. „Ég get nefnt sem dæmi strák sem langaði að vera íþróttum hjá okkur eins og vinur hans. Strákurinn dró þabba sinn hingað niður eftir til að tala við mig. Þegar ég hafði útskýrt þetta fyrir föðurnum var hann hissa á því sem í boði var;“ greinir Haukur frá.

Hann segir ÍR hafa fundið verulega fyrir því þegar lokað var á kynningar íþróttafélaga í skólum. „Við fundum sérstaklega fyrir þessu haustið 2011 þegar við gátum ekki komið og kynnt vetrarprógrammið okkar eins og venjulega. Það var einkum áberandi hvað það komu færri á körfuboltaæfingar. Menn eru með miklar



Á ÆFINGU Gjaldfrjálsar íþróttæfingar eru í boði á lóð Fellaskóla síðdegis á þriðjudögum og fimtudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



„Margir foreldrar hafa ekki yfirsýn yfir það sem er í boði.“

Haukur Þór Haraldsson

væntingar til okkar og gera kröfur en þegar við reynum að verða við þeim eru settar takmarkanir á okkur. Í Reykjavík eru níu hverfisfélög sem eru að baki tveimur þriðju hlutum allrar íþróttastarfsemi í borginni. Okkur finnst að hverfisfélög ættu að hafa aðgang að sínum hverfisskólum. Það þyrfti ekki þar með að opna aðgang fyrir 100 önnur félög.“

Það er mat Hauks að gjaldfrjálsu íþróttæfingarnar á lóð Fellaskóla í sumar muni án efa bera árangur. „Þetta er mjög gott verkefni sem við erum ánægðir með.“

ibs@frettabladid.is

## → Reglur um kynningar í skólum Reykjavíkur

Við gerð reglna um kynningar í skólum var meðal annars stuðst við leiðbeinandi reglur talsmanns neytenda og umboðsmanns barna frá 2009 þar sem segir að engar auglýsingar skuli vera í grunnskólum eða leikskólum né önnur markaðssókn.

„En þar segir líka að kynning á æskulyðs-, íþrótt- og tómsundastarfsemi sveitarfélaga sé heimil,“ segir Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri hjá skóla- og frístundasviði. Hún segir íþrótt- og tómsundaráð halda úti vef um íþrótt- og tómsundastarf fyrir börn og unglinga í borginni, itr.is/sumar, á sumrin og fristund.is á veturna, þar sem frjálsu félögin geti komið sínum tilboðum á framfæri.

Skólastjóri tekur ákvörðun um hvort verkefni styrkt af Reykjavíkurborg verði kynnt í skólum.

Stígamót lofsama frumkvæði lögreglunnar á Suðurnesjum í ofbeldismálum:

## Ánægð með Suðurnesjalöggur

**LÖGREGLUMÁL** „Stígamótum líst vel á frumkvæði lögreglunnar á Suðurnesjum en þar ber þolandi heimilisofbeldis neyðarhnapp þar sem hættu er á að brotamaður brjóti nálgunarbanann. „Frábært fordæmi,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talsmaður Stígamóta. Hún segir enn fremur að önnur lögreglumdæmi mættu taka kollega sína á Suðurnesjum sér til fyrirmyndar.

„Almennt líst okkur afar vel á það sem lögreglan á Suðurnesjum er að gera í ofbeldismálum,“ segir hún. „Þetta er einfaldlega sýnikennsla í því hvað hægt er að gera í íslenska kerfinu ef forgangsröðunin er rétt og ef viljin er fyrir hendi.“ Þarna vísar Guðrún í tilraunaverkefni sem nefndist „Að halda glugganum opnum“ en það leiddi síðan til þess að Suðurnesjalögreglan breytti verklagi sínu í málum er varða heimilisofbeldi.

„Þau hafa verið frábær fyrirmynd sem síðan hefur orðið til þess, til dæmis, að borgarstjórn samþykkti einhljóða skómmu fyrir kosningar að gera átak í þessum málum. Á Suðurnesjum hafa þau líka verið að framfylgja lögum sem kveða á um það að ef ofbeldismenn haga sér ekki skikkanlega þá er þeim vísað af heimilum. Lög gera einmitt ráð fyrir því að svona sé þetta gert en því hefur bara ekki verið framfylgt.“

-jse



GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR Fordæmi lögreglunnar á Suðurnesjum hefur nú þegar hreyft við yfirvöldum í borginni og önnur umdæmi mættu taka við sér líka, segir talsmaður Stígamóta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**40% afsláttur af ÖLLUM sjónglerjum**

Kíktu við í verslanir okkar og við tökum vel á móti þér

**prooptik**  
gleraugu

Kringlunni - Skeifunni - Spönginni





## Stærri og kraftmeiri með smáatriðin á hreinu.

### Nýr Volkswagen Polo.

**Volkswagen Polo** er kominn til landsins með nýtt útlit, nýja vél og nýja skiptingu. Hann er eyðslugrennri, hærri, kraftmeiri, öruggari og umhverfisvænni. Polo býður nú líka upp á tækni eins og Bluetooth búnað fyrir síma, Start/Stop búnað, stöðugleikastýringu, frítt í stæði og brekkuvara sem aðstoðar þig við að taka af stað í brekku. Sportlegar línur, faguð smáatriði og glæsilegt útlit grípur athyglina í umferðinni. Fjölbreytileg og hugvitsamlega hönnuð smáatriði vekja hrifningu: Það er greinilega allt á réttum stað í nýjum Polo.

Volkswagen Polo kostar frá:

**2.590.000 kr.\***

Opið í dag klukkan 12-16.

\*Polo Trendline, 1.0 MPI, 5 gíra beinskíptur, 75 hestöfl.



**Das Auto.**



05.07.2014 → 11.07.2014

**8.200**  
**FERMETRAR**

brunnu eða skemmdust mikið í stórbruna í Skeifunni 11 á sunnudag.



**2.400 hvítmávar**

voru taldir í síðustu sjöfuglatalningu. Þeir voru 8.000 árið 1990.

**300 TONN**

af svínasíðum voru flutt til landsins í fyrra en megnið fór til beikongerðar.



**144 BYGGINGA-KRANAR**

eru í notkun á höfuðborgarsvæðinu



samkvæmt talningu Fréttablaðsins.

**56 HEIMILIS-OFBELDISMÁL**

komu til kasta lögreglunnar á Suðurnesjum 2013. Þau voru 18 árið 2010.



**9,39**

var einkunn Storms frá Herriðarhóli í A-flokki gæðinga á Landsmóti hestamanna á Hellu.



VÍN Mælarnir eru ekki vottaðir.

91 veitingastaður kannaður: Vínsmælar voru ekki í lagi

**VIÐSKIPTI** Vínveitingastaðir eiga að nota löggilta vínsmæla en gera það ekki. Þetta er niðurstaða könnunar Neytendastofu sem fór á 91 vínveitingastað. Við könnunina kom í ljós að almennt voru notuð rúmmálsmerkt vínsmál við sölu á sterku áfengi en töluvert vantaði upp á að viðkomandi búnaður væri löggiltur. Af þeim veitingastöðum sem kannaðir voru reyndist enginn í lagi. Bjórglós voru í flestum tilvikum merkt en ekki léttvínsglós.

- jhh

Rannsókninni lauk með sátt: Greiða sekt upp á 325 milljónir

**SAMKEPPNISMÁL** Fyrirverandi eigendur Húsasmiðjunnar þurfa að greiða 325 milljónir króna í sekt fyrir alvarleg brot á samkeppnislögum.

Þetta kemur fram í frétt á vef Samkeppniseftirlitsins. Þar segir að rannsókn stofnunarinnar á brotum Húsasmiðjunnar sé lokið með sátt. Með sáttinni viðurkenni eigendur Holtavegar 10 ehf., fyrirverandi rekstraraðila fyrirtækisins, umfangsmikið og ólöglegt samráð við Byko.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær er ákæra sérstaks saksóknara á hendur þeim starfsmönnum Húsasmiðjunnar, Byko og Úlfsins, sem taldir eru eiga aðild að brotnum, enn til meðferðar í dómkerfinu.

-hg

# Dýrustu hestarnir fara á tugi milljóna

Hundruð reiðhesta og kynbótahrossa eru seld úr landi á ári hverju. Dýrustu hestarnir eru seldir á tugi milljóna. Salan til Þýskalands hefur aukist mikið á einum áratug.

**DÝRAHALD** Alls voru 1.236 reiðhestar og kynbótahross seld úr landi í fyrra. Það er svipaður fjöldi og síðustu fjögur ár á undan. Flestir hestarnir eru seldir til Evrópu. Í fyrra voru 552 hestar seldir til Þýskalands. Salan þangað hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2004 þegar 240 reiðhestar og kynbótahross voru flutt þangað. Hins vegar hefur dregið úr sölu til Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs.

Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi hestamanna eru þrjár stærstu útflytjendurnir hér á Íslandi þeir Hinrik Bragason, Gunnar Arnarsson og Eysteinn Leifsson. Þeir hafa milligöngu um útflutning hestanna og selja hesta sjálfir. Þeir búast allir við því að árið í ár verði svipað og í fyrra.

„Fyrri part árs var þetta mjög sambærilegt við það sem var í fyrra og hittifyrra. Svo hefur verið aðeins rólegri tími svona síðla vors og núna í sumar,“ segir Gunnar í samtali við Fréttablaðið. Mikill fjöldi erlendra hestamanna kom, venju samkvæmt, á Landsmót hestamanna sem er nýafstaðið. Útflytjendur eru samála um að það muni hafa góð áhrif á sölu. „Það voru margir erlendir gestir í kringum landsmót sem voru í kaupapælingum. Þannig að ég á svona frekar von á því að þetta sé á uppleið og það hafi verið að seljast töluvert mikið af góðum hrossum í kringum landsmót,“ bætir Gunnar við. Hinrik tekur í sama streng. „Það eru ofboðslega margir útlendingar á landinu vegna íslenska hestsins,“ segir Hinrik og segir jafnframt að þeir sem séu með góða hesta eigi auðvelt með að selja.



LANDSMÓT Töluverður fjöldi hesta er seldur eftir hvert landsmót. FRÉTTABLAÐIÐ/KARL.

Hann segir að margir reiðhestar seljist á 2-300 þúsund krónur, keppnishestar seljist á 2-5 milljónir en allra dýrustu stóðhestarnir geti farið á tugi milljóna.

Eysteinn Leifsson segist þegar vera farinn að merkja áhuga hjá útlendingum á íslenskum hestum eftir síðasta landsmót og hann segir að sér skiljist að hér hafi verið á bilinu þrjú til fjögur þúsund útlendingar vegna landsmótsins. „Ég merki það að það sé búin að vera töluverð hreyfing í sölu málum. Það hefur mikið verið hringt strax í kjölfarið á landsmóttinu og ég veit um mörg viðskipti sem hafa átt sér stað,“ segir

„Það eru ofboðslega margir útlendingar á landinu vegna íslenska hestsins.“

Hinrik Bragason hestaútflytjandi

Eysteinn. Útflytjendur segja algengt að kaupendur komi hingad á landsmót, fari heim, en gangi síðan frá kaupunum þegar líður á haustið.

jonhakon@frettabladid.is



MEIRA FRELSI Sjálfstæðismenn styðja frumvarpið.

Segir höft ekki leysa vanda: Þingmaður vill vín í verslanir

**VIÐSKIPTI** „Við leysum ekki áfengisvanda þjóðarinnar með höftum heldur lausnum,“ segir Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem mun á haustþingi leggja fram frumvarp sem heimilar sölu áfengis í verslunum. Niðurstöður óformlegrar könnunar fréttastofu 365 miðla benda til þess að 29 þingmenn, hið minnsta, muni koma til með að styðja frumvarpið.

23 þingmenn eru óákveðnir eða gefa ekki upp afstöðu, en aðeins þrjár þessara þingmanna þurfa að greiða atkvæði með frumvarpinu, svo það verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

-gag

Gjaldeyriskaup Seðlabankans: Kaupa fleiri evrur en áður

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn ákvað í gær að auka vikuleg kaup sín á evrum úr þremur milljónum í sex.

Ingólfur Bender, aðalhafgræðingur Íslandsbanka, segir kaupin gerast nú vegna viðskiptaafgangs sem er einkum tilkominn vegna veru ferðamanna hér á landi.

Ingólfur bætir við að Seðlabankinn sé að búa í haginum fyrir það þegar til afnáms gjaldeyrishafta kemur. Þá þurfi Seðlabankinn að eiga myndarlegan gjaldeyrissvaraforða.

-ih

**SÉRTILBOÐ**

Frá kr. **89.900**

# Krít


Netverð á mann frá kr. 89.900 á Pella Steve m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 109.900 á Pella Steve m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 24. júlí í 11 nætur.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**MILT OG VÍÐA BLAUTT** en úrkomuminnst NA-til. Lítið um sólbaðsveður þessa helgina en ágætis útivistarveður N-til og dregur úr úrkomu S-til á morgun. Hiti 8-17 stig, hlýjast NA-til í dag en SV-til á morgun.

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFÍÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarisdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranrar Helgason hrranar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



Nýtt

# Við zmyrjum að leikzlokum



Nýtt á bragðið

 [facebook.com/noisirius](https://facebook.com/noisirius)

  
NÓI ZÍRÍUS



Stefnt er að því að vistvænt eldsneyti verði í boði allan hringveginn:

## Vilja reisa dísilstöð á Selfossi

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið Íslenskt eldsneyti hefur sótt um lóð undir nýja lífildsneytisstöð á Selfossi. Nú þegar hefur það reist eina slíka á Sauðárkróki og nú er beðið eftir starfsleyfi fyrir hana en heilbrigðisráðuneytið er með málið til afgreiðslu.

„Það er tíðinda að vænta þaðan á mánudag en þegar leyfið er í höfn er allt til reiðu og við vonumst til að getað byrjað þarna fyrir norðan í næsta mánuði,“ segir Hörður Þór Torfason,

framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hann segir stefnt að því að hægt verði að selja lítrann á 199 krónur.

Hvað varðar hugsanlega stöð á Selfossi segir hann málið komið fyrir skipulags- og byggingarnefnd. Þetta er liður í mun stærri áætlun fyrirtækisins sem áformar tíu stöðvar hringinn í kringum landið á næstu árum. Eins eru frekari áform varðandi vinnslu á eldsneytinu. Fyrirtækið á í samvinnu við sænska

„Það er tíðinda að vænta þaðan á mánudag.“

Hörður P. Torfason,  
framkvæmdastjóri

efnavinnslufyrirtækið Perstorp sem er leiðandi fyrirtæki á Norðurlöndunum í framleiðslu lífildsneytis. Sett hefur verið upp verksmiðja á Reykjanesi sem getur unnið allt að tvær milljónir lítra af vistvænu eldsneyti á ári. -jse



**VISTVÆN ELDSNEYTISSTÖÐ Á SAUÐÁRKRÓKI** Hér lætur Gunnar Bragi Sveinsson ráðherra dæluna ganga. Við hlið hans eru Johann Mattsson, Sigurður Eiríksson, Agnese Rizika, Susanne Eckersten og Hörður P. Tómasson.



**HART BARIST** Úkraínski herinn hefur verið í mikilli sókn undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP

Nítján úkraínskir hermenn féllu í árás uppreisnarmanna:

## Barist um rússnesku landamærin

**ÚKRAÍNA, AP** Uppreisnarmenn í Úkraínu skutu í gær flugskeytum á úkraínska hermenn í Austur-Úkraínu þar sem nítján féllu. Þar að auki féllu fjórir hermenn í öðrum árásum.

Petró Pórosjenkó, forseti Úkraínu, hefur heitið hefndum fyrir aðgerðirnar. „Fyrir líf hvers hermanna munu uppreisnarmennirnir gjalda með tugum eða hundruðum lífa,“ sagði Pórosjenkó.

Hermennirnir sem féllu voru að reyna að ná eftirlitsstöðvum við landamærin við Rússland á sitt vald. Uppreisnarmenn stýra flutningum yfir hluta landamæraanna við Rússland. Frá Rússlandi hafa uppreisnarmennirnir fengið vopn og vistir og því hefur herinn reynt

að ná aftur stjórn á landamærunum.

Úkraínski herinn hefur verið í mikilli sókn undanfarið. Uppreisnarmenn hafa tapað um helmingi þess landsvæðis sem þeir höfðu undir sinni stjórn fyrir tveimur vikum. Um helgina náði úkraínski herinn borginni Slovyansk, einu af helstu vígjum uppreisnarmanna.

Uppreisnarmenn hafa nú hörfað til iðnaðarborgarinnar Donetsk, tæplega hundrad kílómetra suður af Slovyansk. Úkraínski herinn hefur gefið út að öllum samgönguleiðum til og frá borginni verði lokað. Milli þrjátíu og sjötíu þúsund manna hafa þegar yfirgefið borgina. -ih



### FORSÆTISRÁÐHERRA

Sigmundur sagði Costco hafa verið í miklu upphaldi á hans yngri árum. Það hefði verið mikil upplifun að heimsækja verslanir keðjunnar þar sem kartöfluflygupokar voru „á stærð við sængurver“ og oststykkin í minningunni „á við rúllubagga“.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# Skuldastaðan verði ein sú besta í Evrópu

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir ríkisstjórnina hafa náð meiri viðsnúningi á einu ári en nokkra aðra í sögu landsins. Hann vill ekki flytja inn bandarískt „sterakjöt“. Umraðan um Framsóknarflokkinn sé nýr lágpunktur.

**STJÓRN MÁL** „Við stefnum nú að því að fyrir árið 2020 verði skuldastaða Íslands orðin ein sú besta í Evrópu og það er raunhæft markmið,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra á miðstjórnarfundum Framsóknarflokksins á Hótel Sögu í gær.

Forsætisráðherra sagði þar enga aðra ríkisstjórn hafa náð viðlíka viðsnúningi, á jafn stuttum tíma, og ríkisstjórn hans. Nefndi hann meðal annars að nýjum störfum hefði fjölgað um fjögur þúsund og kaupmáttur yxi hraðar hér á landi en í nokkru öðru landi Evrópu. Fyrirheit um aðgerðir í skuldamáli heimilanna hefðu gengið eftir og veiðigjöldum verið breytt til að hlífa minni og meðalstórum fyrirtækjum.

„Við sjáum hvaða afleiðingar áframhaldandi gjaldtaka, með þeirri leið sem var notuð á síðasta kjörtímabili, hefði haft í för með sér í því sem gerðist nýlega á Húsavík, Djúpavogi og Þingeyri,“ sagði forsætisráðherra.

### Hormónsprautað sterakjöt

Sigmundur sagði ríkisstjórnina undirbúa mikla sókn í lýðheilsuáttum og tengdi þau áform við umræðu um hugsanlega komu bandarísku verslanakeðjunnar Costco hingað til lands.

„Þarna kom upp umræða um hvort bandarískt stórfyrirtæki ætti að fá að gera kröfu um að hinum og þessum lögum yrði breytt. Því var haldið fram að þeir sem hefðu efasemdir um þetta væru afturhaldsinnar eða einangrunarsinnar,“ sagði Sigmundur. Hann sagði reglur

„Við munum áfram reyna að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni og gera það á þann hátt að við flytjum einhver störf, einhver ný störf verði til á landsbyggðinni, en allt að sjálfsgöðu unnið í samráði við þá sem í hlut eiga.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra

EES-samningsins ekki heimila innflutning á bandarísku kjöti.

„Um 99 prósent af því kjöti sem er framleitt í þessum verksmiðjubúum í Bandaríkjunum eru sterakjöt, sprautað með ýmissum konar hormónum til að láta skepnurnar vaxa hraðar í þessum girðingum sem þær eru geymdar í,“ sagði Sigmundur.

Hann sagði dýrin fódruð með korni en ekki grasi. Það leiddi til þess að bakteríumyndun í þeim væri langt umfram það sem eðlilegt er. Við því væri brugðist með því að þvo kjötið upp úr ammoníaki og dæla sýklalyfjum í dýrin til að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar bærust á milli þeirra.

„Hverjir eru gamaldags og afturhaldssamir? Þeir sem vilja fylgja þróun í því að búa til og verja heilnæma, góða matvöru og byggja upp matvælaíðnaðinn fyrir þjóðina og líka til útflutnings? Eða þeir sem vilja láta allt slíkt fara lönd og leið og telja það einangrunarhyggju að leyfa sér að halda því fram að það eigi ekki að flytja inn eins mikið sterakjöt og menn vilja? Við sjáum til með þessa ágætu verslun, hvort hún kemur. Vonandi gerir hún það og fylgir þá lögum hér og eykur á samkeppnina.“

### Nýr lágpunktur

Forsætisráðherra sagði einnig stjórnmálaumræðuna hér á landi

þurfa að breytast. Þróun hennar að undanförunum væri verulegt áhyggjuefni. Hún væri of persónuleg, byggði á níði og snérist um annað en efnisatriðin.

„Ég hefði ekki trú að því að menn myndu leggja jafn lágt og þeir gerðu í kringum sveitarstjórnarkosningarnar,“ sagði Sigmundur og bætti við að reynt hefði verið að saka Framsóknarflokkinn um kynþáttahyggju. „Flokkurinn í næstum því heila öld hefur verið í fararbroddi mannréttindabaráttu á Íslandi og innleitt margar af mestu framförum sem hafa orðið á þeim sviðum. Að menn skuli nýta slík mál til að koma höggi á andstæðinga er nýr lágpunktur í stjórnmálaumræðu seinni tíma,“ sagði Sigmundur.

### Opinberum störfum fjölgað

„Við munum áfram reyna að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni og gera það á þann hátt að við flytjum einhver störf, einhver ný störf verði til á landsbyggðinni, en allt að sjálfsgöðu unnið í samráði við þá sem í hlut eiga,“ sagði Sigmundur.

Hann sagðist fagna því ef jafnmikil umræða yrði um þau störf sem voru flutt af landsbyggðinni eða lögð niður á undanförunum árum og þau störf sem nú væri verið að flytja út á land með flutningi Fiskistofu.

haraldu@frettabladid.is

**Hefur þú smakkað nākd bitana?**

Næringarríkir hrábarir!

Innihalda eingöngu:

þurrkaða ávexti, hnetur, möndlur, og náttúruleg bragðefni.

Mjög bragðgóðir

Engin erfðabreytt hráefni

Engar mjólkurafurðir

Ekkert glúten eða hveiti

Einstaklega mjúkir

Án sykurs og sætufna

**nākd.** COCOA DELIGHT

gluten wheat dairy FREE

**Fást í flestum matvöruverslunum, heilsubúðum og apótekum**



# RÝMINGAR

# SAIJA

## Á SUMARVÖRUM

Allt að  
**50%**  
afsláttur



**GARÐHÚSGÖGN 30%**  
**FERÐAHÚSGÖGN 40%**  
**SUMARBLÓM 20-50%**  
**TRÉ OG RUNNAR 50%**  
**TJÖLD 30%**  
**GARÐLEIKFÖNG 40%**  
**REIÐHJÓL 30%**  
**REIÐHJÓLAHJÁL MAR 50%**  
**BLÓMAÚTIPOTTAR 30%**  
**GOSBRUNNAR 30%**  
**FRÆ 30%**  
**GARÐSTYTTUR 30%**  
**OG ÓTAL MARGT FLEIRA**

**EINNIG ÚTSALA Í MÖRGUM VÖRUFLOKKUM:**  
**GARÐVERKFÆRI 20%**  
**HEKKKLIPPUR 25%**  
**CLABER GARÐVÖRUR 40%**  
**KEÐJUSAGIR 25%**  
**ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50%**  
**BÚSÁHÖLD 30-50%**

OUTBACK

**GASGRILLIÐ  
FYLGIR!**

Ef þú kaupir pallaefni  
fyrir 100.000 kr. eða meira  
færðu Outback gasgrill  
í kaupbæti.



blómaval



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar.  
Úrval af rýmingarsöluvörum getur verið misjafnt milli verslana.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956



# Háskólagráðan kostar milljónir króna

Samanlagður kostnaður einstaklings sem tekur full námslán og ríkis vegna BA-gráðu í félagsvísindum við Háskóla Íslands er sex milljónir króna. Þriðjungi þeirra sem tóku námslán hjá LÍN finnst fjárhagslega erfitt að greiða lánin til baka.

**MENNTAMÁL** Samanlagður kostnaður einstaklings og ríkis við fyrstu háskólagráðu við Háskóla Íslands er á bilinu 6 til 20 milljónir, eftir eðli og lengd náms.

Í vor sóttu um fimm þúsund manns um að hefja grunnnám á einhverju af fimm fræðasviðum skólans.

Ríkið greiðir framlög með hverjum nemanda við Háskóla Íslands. Framlöggin eru mjög mishá eftir því í hvaða deild menn stunda nám. Í félags- og mannvísindadeild var framlagið 554 þúsund krónur á nemanda á síðasta skólaári en í tannlækna-deild var framlagið 2,55 milljónir króna á hvern nemanda.

Kostnaður ríkisins vegna einstaklings sem er þrjú ár að ljúka BA-gráðu frá félagsvísindadeild er því um tæpar 1.700 þúsund krónur.

Margir taka námslán og fullt námslán á ári fyrir einstakling sem býr ekki í foreldrahúsum er um 1.400 þúsund á ári, eða 4,2 milljónir á þremur árum. Samanlagður kostnaður einstaklings við gráðuna er því tæpar sex milljónir króna. Ef viðkomandi hefði verið í vinnu þennan tíma og verið með 3,6 milljónir í laun á ári hefði hann þénað um 10,8 milljónir.

## PETTA BORGAR RÍKIÐ MEÐ HVERJUM NEMANDA Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

	m.kr.	Fjöldi nemenda
Félags- og mannvísindasvið	0,55 m.	4.953
Tölvunar- og stærðfræði	0,78 m.	181
Kennaranám	0,85 m.	1.480
Hjúkrunarfræði	0,98 m.	538
Verk-, tækni- og efnafræði	1,15 m.	1.608
Læknisfræði	1,58 m.	340
Tannlækningar	2,55 m.	55

Kostnaður ríkisins er mun meiri á hvern nemanda í heilbrigðisvísindum. Kostnaður hins opinbera vegna hvers nema í grunnnámi í hjúkrunarfræði er rúm milljón á ári eða á fimmtu milljón á náms-tímanum sem er fjögur ár. Taki hjúkrunarfræðineminna námslán í fjögur ár skuldar hann á sjöttu milljón króna í námslán.

Samanlagður kostnaður einstaklings og samfélags vegna

grunnnáms í hjúkrunarfræði er því á bilinu 9 til 10 milljónir og þá er ekki tekið tillit til tekjups viðkomandi á meðan hann er í námi.

Dýrasta námið við HÍ er tannlæknanámið. Það tekur sex ár að verða tannlæknir og kostnaður ríkisins nemur rúmum 15 milljónum króna.

Taki menn námslán helming námstímans bætast við um fjórar



DÝRT Það kostar sitt að verða sér úti um háskólagráðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

milljónir króna. Að verða tannlæknir gæti því auðveldlega kostað einstaklinginn og samfélagið 19 til 20 milljónir króna.

BHM gerði könnun meðal félagsmanna síðastliðið vor þar sem spurt var um námslán. Af þeim félagsmönnum sem tóku þátt í könnuninni sögðust 87 prósent hafa tekið námslán. Af þeim hópi sögðust 27 prósent skulda meira en sex milljónir. Þriðjung-

**1.393** þúsund krónur er hámarkslán hjá LÍN á skólaárinu.

ur aðspurðra sagðist finna verulega fyrir að endurgreiða lánin og 1,5 prósent sögðust ekki ráða við endurgreiðslur af lánunum.

johanna@frettabladid.is

## Leyfðu okkur að telja

Endurvinnslan í samstarfi við SORPU opnar nýja móttökustöð við **Breiðhelli í Hafnarfirði**



Endurvinnslan og SORPA hafa opnað nýja flöskumóttöku á endurvinnslustöð SORPU við Breiðhelli í Hafnarfirði.

Með nýjum vélarkosti geta viðskiptavinir nú skilað **heilum umbúðum** án þess að þurfa að telja og flokka þær.

Áfram þarf þó að flokka og telja beyglaðar umbúðir.

**Flöskumóttaka**  
Endurvinnslan

**SORPA**  
ÁRANGUR Í UMhverfismálum





# Ávöxtun sjóða Stefnis

Sjóður	Árleg nafnávöxtun					Árleg nafnávöxtun frá stofnun*
	1 ár*	2 ár*	3 ár*	4 ár*	5 ár*	
<b>Blandaðir sjóðir</b>						
Stefnir – Samval <sup>1</sup>	14,9%	14,2%	14,9%	13,9%	14,0%	
Stefnir – Eignastýringarsjóður <sup>1</sup>	4,0%	7,2%	8,8%	8,2%	9,6%	
<b>Íslensk hlutabréf</b>						
Stefnir – ÍS 15 <sup>1</sup>	16,4%	20,4%	18,2%	18,1%	21,1%	
<b>Íslensk skuldabréf og innlán</b>						
Stefnir – Ríkisvixlasjóður <sup>2</sup>	3,3%	3,1%	2,9%	3,1%	4,0%	
Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður <sup>2</sup>	0,0%	4,7%	6,2%	4,9%	7,8%	
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður stuttur <sup>2</sup>	0,1%	2,4%	3,6%			3,6% (Stofnaður 20.01.2011)
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur <sup>2</sup>	-0,4%	2,3%	5,0%	5,4%	7,7%	
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur <sup>2</sup>	-0,7%	1,5%	5,1%	5,9%	8,6%	
Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggt <sup>2</sup>	-1,3%	1,2%	4,9%	6,0%		7,2% (Stofnaður 13.11.2009)
Stefnir – Skuldabréf stutt <sup>1</sup>	1,8%	3,6%	4,8%	5,5%	6,8%	
Stefnir – Lausafjársgjóður <sup>1</sup>	5,6%	5,5%				5,5% (Stofnaður 27.04.2012)
<b>Erlend hlutabréf**</b>						
KMS – Global Equity <sup>2</sup>	8,3%	12,3%	7,9%	9,3%	10,1%	
KF – Global Value <sup>2</sup>	16,6%	15,2%	8,4%	11,9%	12,7%	
Stefnir – Erlend hlutabréf <sup>2</sup>	11,0%	11,3%	7,8%	9,2%	9,2%	
MSCI World (viðmiðunarvísitala fyrir ofangreinda sjóði) <sup>3</sup>	10,7%	13,0%	8,9%	10,2%	9,8%	
KMS BRIC <sup>2</sup>	1,8%	-0,8%	-7,1%	-4,3%	0,5%	
MSCI BRIC (viðmiðunarvísitala fyrir KMS BRIC) <sup>3</sup>	2,6%	-0,9%	-6,8%	-4,2%	-0,2%	
Stefnir – Scandinavian Fund <sup>2</sup>	18,3%	16,7%	7,5%	11,7%	12,8%	
MSCI Nordic (viðmiðunarvísitala fyrir Stefnir Scandinavian Fund) <sup>3</sup>	17,5%	15,9%	6,0%	9,4%	10,2%	

\*\* Grunnmynt sjóðanna er EUR en ávöxtun er uppreiknuð í íslenskar krónur. Gengi tekur þannig mið af gengi gjaldmiðilsins á hverjum tíma. Vækin er sérstök athygli á því að sökum gjaldeyrishafta Seðlabankans er ekki hægt að fjárfesta í íslenskum krónum í þessum sjóðum.

\* 1 ár: 30.06.2013–30.06.2014. 2 ár: 30.06.2012–30.06.2014. 3 ár: 30.06.2011–30.06.2014. 4 ár: 30.06.2010–30.06.2014. 5 ár: 30.06.2009–30.06.2014. Árleg nafnávöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 420 milljarða króna í virkri stýringu. Frekari upplýsingar um Stefnir og sjóðina má finna á [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is)

## Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í íslenskum krónum. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Arion banka hf. sem er vörslufyrirtæki sjóðanna og frá upplýsingaveitu Bloomberg.

## Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á [arionbanki.is/sjodir](http://arionbanki.is/sjodir)

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. 2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. 3) Upplýsingar fengnar af upplýsingaveitu Bloomberg.

Vækin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ.á.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og lykluupplýsingum þeirra, sem nálgast má á [www.arionbanki.is/sjodir](http://www.arionbanki.is/sjodir)



Samskipti grunnskóla og íþróttafélaga:

# Áróður íþróttafélaga bannaður

Svo vanhugsáðar voru reglur um samskipti skóla og svonefndra lífsskoðunarfélaga að upphaflega stóð til að banna jólaföndur í grunnskólum Reykjavíkurborgar ásamt öllu öðru er gæti tengst trúaráróðri. Bann við jólaföndri gekk reyndar ekki eftir en árið 2011 samþykkti borgarráð tillögur mannréttindasviðs Reykjavíkurborgar um samskipti leik- og grunnskóla við trúar- og lífsskoðunarfélög. Við þekkjum öll umræðuna sem spratt upp í tengslum við þessar reglur. Gídeonfélagið má ekki lengur gefa tíu ára börnum Nýja testamentið og í sumum skólum mega krakkar jú alveg fara í kirkju og syngja sálma en þau mega ekki biðja bænir. En þau mega samt fá frí til að fara í fermingarfræðslu og prestar hafa leyfi til að sinna áfallahjálpi í skólum.

Mikael Torfason

mikaelt@frettabladid.is



Ekki er öll vitleysan eins og sitt sýnist hverjum en þessar reglur snerta ekki eingöngu samskipti trúfélaga og skóla heldur einnig íþróttafélaga. Já, íþróttafélög mega ekki lengur kynna starfsemi sína í skólum og hefur þetta bann komið verulega niður á starfi íþróttafélaga eins og kemur fram hjá Hauki Þór Haraldssyni, framkvæmdastjóra Íþróttafélags Reykjavíkur, ÍR, í Fréttablaðinu í dag:

„Bann við kynningu á starfsemi íþróttafélaga í skólum er mjög bagalegt, sérstaklega í hverfishlutum þar sem hátt hlutfall foreldra er ekki með íslensku sem móðurmál. Margir foreldrar hafa ekki yfirsýn yfir það sem er í boði,“ segir Haukur Þór en tilefni ummæla hans er að íbúar í Fella- og Hólahverfi nýta frístundakort í mun minna mæli en gert er í öðrum hverfum. Tekið hefur verið á það ráð að bjóða upp á ókeypis íþróttæfingar fyrir börn og unglinga síðdegis á þriðjudögum og fimmtudögum við Fellaskóla. Til að kynna fyrir krökkunum í hverfinu alla þá möguleika sem í boði eru.

Eva Dögg Guðmundsdóttir stýrir verkefninu en hún segir að nýting á frístundakorti í pósthúsinu 111 sé í kringum 60 prósent sem er lítið en í sumum hverfum er nýtingin allt að 90 prósent. Til að auglýsa íþróttæfingarnar var dreift plakötum á fjórum tungumálum í um 130 stigaganga og segir Eva Dögg fyrirnefndar reglur „sem banna kynningu á frístundastarfi í skólum ekki hafa greitt götu þessa verkefnis“.

Áður en þessi gallaða reglugerð tók gildi var gott samstarf milli íþróttafélaga og skóla í Reykjavík. Það samstarf er auðvitað ekki svipur hjá sjón í dag. Það góða fólk sem sat í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar á síðasta kjörtímabili og þeir borgarfulltrúar sem samþykktu tillögurnar hafa líklega meint vel. Hugmyndin að baki reglunum hefur væntanlega verið að bola prestum Þjóðkirkjunnar og Gídeonfélaginu úr leik- og grunnskólum. Að baki slíku liggur viljinn til að tryggja rétt minnihlutans því þótt nú af hverjum tíu Íslendingum séu kristnir þurfum við alltaf að virða rétt hinna sem eru það ekki. En það er augljóst að þessar reglur eru vitlausar og illa ígrundaðar og í ljósi reynslunnar þarf að endurskoða þær hið snarasta, ef ekki henda þeim.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUDELG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikaelt@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Neyðarákall

Sendu sms-ið **BARN** í númerið **1900** og gefðu **1.900 krónur**

**fyrir börn í Suður-Súdan**

Hundruð þúsunda barna búa við sára neyð og hungur í Suður-Súdan. Þau þurfa hjálp – núna!

unicef

## SPOTTIÐ



## AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

### Sólargeisli í rigningartíð

Þegar rigndi sem mest í byrjun mánaðarins voru sagðar fréttir af viðræðum viðskiptaráðherra við bandaríska verslanakeðju um margvíslegar tilhlíðranir á íslenskri löggjöf gagnvart fyrirtækinu gegn því að það seldi íslenskan fisk í verslunum sínum erlendis.

Af þessu tilefni hafa ýmsir bent á að þjóðin rétt náði að setja sér nýja fullveldisstjórnarskrá áður en Spánverjar knúðu hana til að veita undanþágu frá vínbanninu sem ákveðið var með þjóðaratkvæði. Í kjölfarið var leyfð sala á spænskum vínnum til að opna markað fyrir



saltfisk á Spáni. Svo mikið var haft við að í samninganefndinni við Spánverja voru bæði oddvitar saltfiskframleiðenda og góðtemplara. Af blöðum sögunnar má ráða að margir hafi upplifað þvingun Spánverja sem ögrun við nýfengið fullveldi. Í dag finnst flestum að afstaða Íslendinga hafi byggst á forpokuðum hugmyndum og að Spánverjar hafi í raun kennt okkur góða lexíu um

mikilvægi gagnkvæmni í samskiptum ríkja og jafnvel opnað annað auga sumra fyrir gildi viðskiptafrelsis sem við vorum þá að þrengja og þurftum síðan að biðja í marga áratugi til að endurheimta.

Bandaríska verslanakeðjan hefur ekki þvingunaraðstöðu eins og Spánverjar á sínum tíma. En hún gæti eigi að síður opnað augu einhverra fyrir margvíslegum pólitískum hindrunum á frjálsum viðskiptum sem enn halda lífskjörnum rýrari en vera þyrfti. Í því ljósi var boðskapur viðskiptaráðherra jafngildi sólargeisla í rigningartíð.

### Róttlaus hugmyndafræði

Talsmenn verslunarinnar hafa lengi talað fyrir viðskiptafrelsi með landbúnaðarvörur og afnámi tollverndar. Samtök atvinnulífsins hafa nýlega óskað eftir að undanþágu frá samkeppnislögunum sem hluti landbúnaðarframleiðslunnar verði afnumdar. Öllum þessum óskum hefur ríkisstjórnin hafnað.

Sömu daga og viðskiptaráðherra sagði ríkisstjórnina tilbúna til að ræða tilhlíðranir við bandaríska fyrirtækið um innflutning á kjóti frá Bandaríkjunum, verslun með lyf og áfengi og sameiginlega Evrópulöggjöf um vörumerkingar vegna neytendaverndar andmælti ríkisstjórnin fyrir dómi kröfum íslensks fyrirtækis um rýmri rétt

til kjötinnflutnings á grundvelli gildandi laga.

Ríkisstjórnin þarf að skýra afstöðu sína betur í þessum efnun. Mörgum kemur til að mynda spámskt fyrir sjónir að fríverslun með landbúnaðarafurðir og virk samkeppni á því sviði skuli vera til umræðu við bandarísk fyrirtæki en ekki íslensk? Þá þarf að skýra hvers vegna samtöl af þessu tagi fara fram við einstök bandarísk fyrirtæki en ekki við ríkisstjórn Bandaríkjanna til að tryggja gagnkvæmni varðandi mögulegan útflutning á íslenskum landbúnaðarafurðum.

Evrópureglur um vörumerkingar eru fyrst og fremst neytendavernd. Ekki er þó loku fyrir

það skotið að í einhverjum tilvikum geti þær jafnframt verið þáttur í viðskiptahindrunum. Ríkisstjórnin vill ekki vera aðili með öðrum Evrópuþjóðum að viðræðum við Bandaríkin um viðtækan fríverslunarsamning sem meðal annars er ætlað að ryðja úr vegi tæknilegum viðskiptahindrunum. Hvers vegna má ræða slík mál við einstakt bandarískt fyrirtæki en ekki almennt í samstarfi með þeim þjóðum sem við eigum mest viðskipti við?

Viðskiptastefna landsins þarf að byggja á miklu skýrari og heildstæðari hugmyndafræði en fram hefur komið. En yfirlýsingarnar vekja þó vonir um að ræða megi breytingar hleypidómalaust.

### Dýpri hugsun

Ein hverjir kunna að halda að yfirlýsingar viðskiptaráðherra beri öll merki gáleysis og þar af leiðandi megi ekki taka þær alvarlega. Þegar málflutningur ráðherra til lengri tíma er skoðaður er full ástæða til að ætla annað og að þar búi að baki raunverulegur vilji til kerfisbreytinga í landbúnaði.

Nefna má að viðskiptaráðherra og fleiri þingmenn, þar á meðal einn áhrifamesti núverandi þingmaður Framsóknarflokksins sem

jafnframt er orðinn aðstoðarmaður forsætisráðherra, fluttu á síðasta kjörtímabili tillögu til þingsályktunar um fríverslun við Bandaríkin. Framkvæmd hennar hefði til að mynda leitt til fríverslunar með landbúnaðarvörur. Tillagan fól með öðrum orðum í sér grundvallarbreytingar á ríkjandi landbúnaðarstefnu.

Þessi hugsun er því ekki ný af nálíni af hálfu viðskiptaráðherra. Ábyrgðin sem fylgir setu í ríkisstjórn sýnist ekki hafa breytt

henni. Það er að vísu brotalöm í þeirri hugsun að ræða megi viðskiptafrelsi með landbúnaðarafurðir við Bandaríkin en ekki Evrópu.

En virða ber að rökrétt ályktun af yfirlýsingu viðskiptaráðherra er sú að ríkisstjórnin getur ekki haldið landbúnaðarhagsmunum lengur fram sem málefnalegri röksemd gegn Evrópusambands-umsókninni. Þótt yfirlýsingin leiði ekki til annars hefur hún verið til góðs.



# SUMAR- MARKAÐUR

ELLINGSEN

ALLT AÐ  
**70%**  
AFSLÁTTUR



**COLUMBIA BUGABOOT  
KULDASKÓR**  
Stærðir 36-48

**14.995 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



BAKPOKAR  
**30%**  
AFSLÁTTUR



**COLEMAN STÓLL**  
Með örmum

**7.990 KR.**  
FULLT VERÐ 11.900 KR.



**CAMPINGAZ GASGRILL**  
3ja brennara

**54.990 KR.**  
FULLT VERÐ 89.990 KR.



**COLEMAN ROCK SPRING TJALD**  
3ja manna

**14.990 KR.**  
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**COLUMBIA ÚTILEGUBORÐ**  
Hægt að nota á  
6 mismunandi vegu

**11.990 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 17.990 KR.



**ZAMBERLAN ZENITH  
GÖNGUSKÓR**  
Dömu- og herrastærðir 37-48

**19.900 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 32.990 KR.



**COLUMBIA POWDERBUG  
BARNAKULDASKÓR**  
Stærðir 32-39

**4.197 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.



DIDRIKSONS  
FLÍSFÖT\*  
**40%**  
AFSLÁTTUR  
\*BARNASTÆRÐIR



**COLUMBIA RAINSTORMER JAKKI**  
Dömu, XS-XL. Herra, S-2XL.  
Nokkrir litir í boði.

**14.990 KR.**  
FULLT VERÐ 29.990 KR.



ALLAR  
ÚTIVISTARBUXUR  
**40%**  
AFSLÁTTUR



**SHAKESPEARE  
FLUGUSTANGIR MEÐ HÓLK**

VERÐ FRÁ  
**9.995 KR.**



**ZAMBERLAN BAFFIN  
GÖNGUSKÓR**  
Stærðir 41-48

**26.900 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 44.990 KR.



**MERIDA DINO 12 BARNAHJÓL**  
Með hjálpardekkjum

**17.900 KR.**  
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.



**RAPALA NEOPREN VÖÐLUR**

**14.990 KR.**  
FULLT VERÐ 22.990 KR.



**COLEMAN TJALDÞÝNA**

**3.990 KR.**  
FULLT VERÐ 5.990 KR.



**COLEMAN CPX LJÓS LED**  
m/hengi

**4.490 KR.**  
FULLT VERÐ 6.990 KR.



**CAMPING POTTASETT**  
9 stk.

**11.990 KR.**  
FULLT VERÐ 18.990 KR.



SCOTT  
VÖRUR  
**70%**  
AFSLÁTTUR

MERIDA  
FJALLAHJÓL  
**30%**  
AFSLÁTTUR



**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.



# HELGIN



**Ebba Guðný Guðmundsdóttir, sjónvarpskona**

## Fer á ættarmót

Ég er að fara á ættarmót og neyðist víst til þess að gista í tjaldi um helgina. Ættarmótið er á Skildí hjá Stykkishólmi og byrjaði í gær. Þetta er risaætt og ættingjarnir eru komnir alla leið frá Ameríku. Ég er ekki mikil tjaldkona en ætla þó að gera þetta fyrir börnin. Ég ætla að njóta þess að vera í faðmi fjölskyldunnar og njóta útíverunnar.



**Elín Eypórsdóttir, tónlistarkona**

## Á Portishead og deit

Ég ætla að kíkja á Portishead með mömmu og fara á deit með Hörpu Björnsdóttur.



**Steinþór Helgi Arnsteinson, hjá CCP og Gettu betur-dómari**

## Tjilla, í partí og til eyja

Ég ætla að fara á hina spikfeitu ATP-tónleikahátíð, partífast og mögulega kíkja til Vestmannaeyja. Síðan má ekki gleyma tjillinu sem ég ætla að gera eins mikið af og ég get um helgina.



**Logi Pedro Stefánsson, tónlistarmaður**

## Eistnaflug með Retro Stefson

Ég ætla á eina bestu útihátíð í heimi, Eistnaflug, á laugardaginn og þar ætla ég að skemmta mér með Retro Stefson-krökkunum.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



### Á TÓNLISTARHÁTÍÐINA ALL TOMORROW'S PARTIES

sem haldin er á Ásbrú en í kvöld stígur meðal annars sveitin Interpol á svið.



### Á BÖRN NÁTTÚRUNNAR

eftir Friðrik Þór Friðriksson sem sýnd er á RÚV annað kvöld. Íslensk klassík sem alltaf er gaman að rifja upp með þeim Gísla Halldórssyni og Sigríði Hagalín í aðalhlutverkum.



**BÓKINA BEDIÐ FYRIR BROTTUMDUÐ** eftir Jennifer Clement. Heillandi, falleg og átakanleg skáldsaga.



**Á PLÖTUNA BORGIN** með Felix Bergssyni en hún kom út fyrir skömmu.

# Twin Within í nýjasta tölublaði Seventeen

Skartgripalína systranna Kristínar Maríellu og Áslaugar Írisar Friðjónsdætra, Twin Within, er til umfjöllunar í tímaritinu Seventeen þar sem unglíngastjarnan Bella Thorne ber íslensku hálsmenin.

**Kristjana Arnarsdóttir**  
kristjana@frettabladid.is

Þetta er alveg frábært fyrir okkur og gaman að hafa á ferilskránni," segir Kristín Maríella Friðjónsdóttir en hálsmenalínan Twin Within, sem hönnuð er af Kristínu og systur hennar Áslaugu Írisi, er til umfjöllunar í nýjasta tölublaði bandaríska unglíngatímaritsins Seventeen.

Kristín segir að stílisti tímaritsins hafi sett sig í samband við þær systur og beðið þær um að senda þeim hálsmen út. „Það var frekar stuttur fyrirvari á þessu öllu en við sendum þeim festar og þeim leist vel á. Þetta er í rauninni frekar súrrealískt, enda er þetta virkilega stórt blað þó svo að þetta sé kannski ekki beint fyrsta tímaritið sem ég glugga í á kaffihúsi. En þetta er frábært fyrir merkið og mjög gaman að sjá forsiðu-fyrirsætuna, leikkonuna Bellu Thorne, með festarnar okkar," segir Kristín, sem varð sér úti um eintak af blaðinu fyrir í vikunni. „Ég kom við í Eymundsson og fletti í gegnum blaðið. Þetta var mjög skemmtilegt, mann langaði næstum því að hnippa í næsta mann í Eymundsson og benda á að maður væri í blaðinu," segir Kristín og hlær.

Þær systur eru nú á fullu við



## UPPRENNANDI UNGLÍNGASTJARNNA

**Bandaríska leikkonan Bella Thorne** er upprennandi stjarna í Hollywood. Hún tekur sig vel út með hálsmenin.

að undirbúa nýja hálsmenalínu. „Við verðum með svipað efnisval, höldum áfram að notast við reipin og gúmmíslöngurnar. Það mætti segja að nýju festarnar komi til með að bera með sér heldur klassíkt yfirbragð þar sem að svart-



„Mann langaði næstum því að hnippa í næsta mann í Eymundsson og benda á að maður væri í blaðinu.

**FLOTT Á FERILSKRÁNA** Kristín Maríella segir að umfjöllunin í Seventeen sé uppörvandi.

MYND/ADSEND

hvítt mun vera ríkjandi," segir Kristín.

Twin Within hefur notið vinsælda erlendis og hafa hálsmenin til að mynda ratað í verslanir víða í Bandaríkjunum, London, Japan og Seattle. Líklegt er að Singapur

fái einnig að kynna Twin Within en þangað flytur Kristín á allra næstu dögum. „Maðurinn minn er að fara þangað í mastersnám svo ég skelli mér með ásamt dóttur okkar. Þar ætla ég að vera á fullu í festagerð.“

## Er eplaedik lausn við öllum vandamálum?

Eplaedik getur dregið úr andfýlu, varið gegn sólbruna og stöðvað vörtuvöxt hvarvetna á líkamanum.

Eplaedik er unnið úr eplum sem eru látin gerjast. Þá verður til eplacider sem er svo látinn gerjast aðra umferð og úr verður eplaedik. Eplaedik heldur í öll næringarefni eplisins og meira til. Við gerjunina eykst magn ensíma og góðra gerla.

Eplaedik hefur lengi verið notað við ýmsum heilsufarsvandamálum. Gæðin skipta þó miklu máli og best er að nota lífrænt eplaedik, ósíað og án allra aukfna.

Hér fylgja sex mismunandi leiðir til þess að nota eplaedik:



### 1 Engin andfýla

Settu hálf teskeið ofan í vatnsglas og skolaðu munninn í tíu sekúndur til þess að losna við andfýlu og fá hvítari tennur.

### 2 Gegn sólbruna

Berðu á þig eplaedik þegar húðin brennur í sól, það linar sársaukann.

### 3 Hreinsar grænmeti

Fylltu skál eða vaskinn af vatni og helltu einum bolla af eplaedik yfir og þvoðu ferskt grænmeti og ávexti upp úr því. Eplaedik hjálpar til við að ná af skordýraeitri og bakteríum.

### 4 Engar vörtur

Fjarlægðu vörtur með því að bleyta bómull í eplaedik og hafa á vörtunni yfir nótt.

### 5 Losna við flösu

Settu eplaedik í hárið eftir að hafa þvegið það með sjampói til að losna við flösu.

### 6 Hressir fætur

Settu eplaedik í fótabaðið þitt til að losna við sveppasýkingar á tám. Sjá fleiri leiðir til þess að nota eplaedik á Heilsuvísni.



## MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM



EMORY tungusófi  
Stærð: 310x164cm  
Verð: 215.100,-



ARES 3ja sæta sófi  
Breidd: 198cm  
Verð: 129.900,-



NEW ENGLAND tungusófi  
Stærð: 290x165cm  
Verð: 199.750,-



STÆKKANLEG HNOTUBORÐ  
160(248)x100cm Verð: 189.900,-  
200(288)x110cm Verð: 209.000,-



HAMPTON tungusófi  
Stærð: 318x197cm  
Verð: 248.400,-



DEVON stóll  
Verð: 19.800,-



ARIANA stóll  
Verð: 32.900,-



CHESTER stóll  
Verð: 19.900,-



MONET stóll  
Verð: 19.900,-



PRESTON stóll  
Verð: 25.900,-



# FALLEGT OG ÞÆGILEGT



PASO DOBLE  
**479.990**  
 FULLT VERÐ: 559.990

**furninova**

PASO DOBLE fjölskyldusófinn. Stærð: 374 x 252/152 H: 86 cm. Slitsterkt steingrátt áklæði úr 100% bómull.

## OREGON TUNGUSÓFI



**169.990**  
 FULLT VERÐ: 199.990

OREGON tungusófi  
 Dökkgrátt slitsterkt áklæði.  
 Stærð: 240 x 153 H:85 cm  
 Tunga getur verið beggja vegna

## UMBRIA TUNGUSÓFI



**229.990**  
 FULLT VERÐ: 269.990

UMBRIA tungusófi XL.  
 Dökkgrátt slitsterkt áklæði.  
 Stærð: 305 x 163 H:78 cm  
 Umbria er fánlegur í ótal gerðum í leðri og áklæði.

# ALLSKONAR FALLEG SMÁVARA –

iittala

ALESSI

BY NORD

ROSENKRANS

by nord

VIDIVI

nuance

BLOOMINGVILLE



ALESSI ÁVAXTASKÁL  
 Tvær stærðir.  
 Verð: 21.990 / 26.990



IITTALA SKÁLAR  
 Verð frá: 3.990




VIDIVI AMARILLIS VASI.  
 Verð: 9.990



VIDIVI ESA GLASASETT. Tvær stærðir. Verð: 6.990 / 8.490

VIDIVI AMBROSIA VASI.  
 Verð: 6.990



S&P GLÖS



ALESSI UPPTAKARI. Verð: 12.990



furninova  
GLÆSILEG  
HÚSGÖGN  
Á GÓÐU  
VERÐI



VESTA 3JA SÆTA

149.990

FULLT VERÐ: 189.990

furninova

VESTA 3ja sæta sófi. Stærð: 232 x 95 H: 71 cm. Slitsterkt steingrátt áklæði úr 100% bómull. Moon standlampi VERÐ 79.990. Laze sófaborð VERÐ 109.990

### UMBRIA HORNSÓFI MEÐ TUNGU



359.990

FULLT VERÐ: 419.990

UMBRIA Hornsófi með tungu. Grafit-grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 326 x 261 H: 78 cm Umbria er fánlegur í ótal gerðum í leðri og áklæði.

### OREGON HORNSÓFI MEÐ TUNGU



319.990

FULLT VERÐ: 379.990

OREGON hornsófi með tungu. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 310 x 240 H: 88 cm Tungu getur verið beggja vegna.

## FYRIR LIFANDI HEIMILI

S.O.U.L  
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE

Rosti Mepal

b  
brøste  
COPENHAGEN

bodum

S&P  
Salt&Pepper



IITALA TAIKA FAT.  
Verð: 13.990



S&P MORTEL.  
Verð: 10.990



S&P MORTEL.  
Verð: 8.990



IITALA TAIKA DISKUR  
Verð: 6.490

### WOODY KOMINN AFTUR Í ÖLLUM LITUM

WOODY borðstofustóll. 6 litir með hvíttuðum viðarlöppum.

14.450

FULLT VERÐ: 19.990



# HÚSGAGNAHÖLLIN

REYKJAVÍK | AKUREYRI



# Kominn aftur á fulla ferð

**Róbert Wessman** lenti í alvarlegu hjólreiðaslysi fyrir ári. Hann segir bataferlið hafa verið erfitt en einnig gefandi. Hann þakkar eiginkonu sinni fyrir dyggan stuðning og segist vera skilningsríkari eftir reynsluna. Samhliða endurhæfingunni hefur Róbert byggt upp samheitalyfjafyrirtækið Alvogen og hann vill að Ísland spili stórt hlutverk í vexti þess.

Kjartan Atli  
Kjartansson

kjartanatli@frettabladid.is



**N**ú er ár liðið frá því Róbert Wessman, forstjóri lyfjafyrirtækisins Alvogen, lenti í hjólreiðaslysi. Hann slasaðist alvarlega og brotnuðu meðal annars tveir efstu hryggjarliðirnir. Róbert man ekkert eftir slysinu. Hann lá meðvitundarlaus í götunni eftir að hafa hjólað á 47 kílómetra hraða aftan á kyrrstæðan bíl. Hann lá í tólf daga á spítala eftir slysið og var rúmfastur í þrjá mánuði heima. Hann segir bataferlið hafa verið erfitt en lærðómsríkt og að forgangsroðunin hafi breyst eftir slysið.

Róbert stundaði á þessum tíma hjólreiðar af miklu kappi og gekk vel í keppnum hér heima og erlendis. Eins og flestir þekkja hafði hann einnig náð miklum árangri í viðskiptalífínu, en aðeins 29 ára var hann ráðinn forstjóri lyfjafyrirtækisins Delta sem síðar varð Actavis. Þessi kappsami maður varð að vera rúmliggjandi í rúma hundrað daga vegna slyssins. „Ég gerði ekki ráð fyrir því að lenda í slysi,“ segir hann og bætir því við að gildismat hans hafi breyst í kjölfarið.

Róbert nálgadist endurhæfinguna eins og verkefni sem hann leysti með góðri hjálp eiginkonu sinnar. Hann er þakklátur mörgum fyrir hjálpina; fjölskyldu, vinum og samstarfsmönnum sem tóku á sig aukna ábyrgð í fjarveru hans. Hann er nú kominn aftur á fulla ferð og segist ekki hugsa mikið um að hlutirnir hefðu getað endað öðruvísi. „En ég held að bæði ég sjálfur og allir læknarnir sem önnuðust mig séu sammála um að ég hafi verið einstaklega heppinn.“

## Man lítið eftir slysinu

Róbert man lítið eftir slysinu og hefur notað Garmin-úr og önnur tæki sem hann var með á hjólinu til að kortleggja ferðir sínar fyrir slysið. „Ég man fyrst eftir mér þegar ég er í sjúkrabílnum. Ég missti meðvitund í einhvern tíma. Ég rankaði víst við mér rétt áður en sjúkrabíllinn kom en man ekkert eftir því. En þeir sem komu að mér þóssuðu upp á að ég hreyfði mig ekki. Ég var með óstöðugt hryggbrót. Það þarf mjög lítið til að mænan skaðist við þannig aðstæður og að maður lamist. Ég var því heppinn að menn þóssuðu vel upp á það. Svo sá ég á Garmin-tækinu að það tók um klukkustund að koma mér fyrir í sjúkrabílnum. Þeir hafa séð hvað ég var alvarlega slasaður og tóku sér greinilega góðan tíma. Ég hef ekki hitt þá sem komu mér til aðstoðar eftir slysið en vil þakka þeim fyrir að hafa passað vel upp á mig.“

## Góður tími þrátt fyrir allt

„Enginn óskar þess að lenda í svona alvarlegu slysi og vera rúmfastur í þrjá mánuði. En þrátt fyrir það var þetta að mörgu leyti góður tími. Ég var til dæmis alltaf heima þegar börnin mín komu úr skólanum sem ég hef aldrei áður haft tækifæri til. Vegna vinnu minnar hef ég verið mikið á ferðalögum erlendis og gat því eytt meiri tíma með eiginkonu minni og börnunum. Þó að þetta hafi verið erfiður tími þá var hann samt gefandi og jákvæður,“ segir Róbert Wessman um tímann sem hann var rúmfastur eftir slysið.

Hann er þakklátur fyrir alla hjálpina sem hann fékk frá fjölskyldu og vinum í kjölfar slyssins og þakkar þar sérstaklega eiginkonu sinni, Sigríði Yr Jensdóttur lækni. Hún tók sér þriggja mánaða frí frá vinnu til að hugsa um Róbert. „Hjálpin hennar var algjör-



**LEIT Á BATAFERLIÐ SEM VERKEFNI** Róbert var lengi rúmliggjandi eftir slysið. Hann leit á endurhæfinguna sem verkefni sem hann kláraði með góðri hjálp eiginkonu sinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

lega ómetanleg og ég hefði átt erfitt með að komast í gegnum þetta án hennar.

Dagarnir eru lengi að líða þegar maður er rúmliggjandi og með mikla verki. Mikilvægast fannst mér að vera jákvæður og trúá því að þetta færi allt vel að lokum, án þess þó að vita nákvæmlega hvar þetta myndi enda.“ Róbert rifjar upp einn af löngu dögnum þegar hann var rúmliggjandi. „Ég taldi dagana og þessir þrjú mánuðir voru eins og heil eilífið. Ég man enn þegar eiginkonan kom inn til mín og sagði mér að nú væru fimmtán dagar liðnir af rúmlegunni. Ég hélt að þeir væru sextán og þarna örloði sennilega á

tár á kinn yfir því að hafa tapað heilum degi á þessu langa þriggja mánaða ferðalagi.“

Róbert var fljótt farinn að senda tölvupóst á samstarfsmenn, en hann fékk búnað til að halda spjaldtölvu fyrir ofan rúmið sitt og gat skrifað þar sem hann lá á bakinu. „Ég var í daglegu sambandi við nokkra lykilstarfsmenn fljótlega eftir að ég kom heim af Landspítalanum enda mikið að gerast hjá Alvogen á þessum tíma. Flestir tölvupóstarnir sem ég sendi voru mjög stuttir og laggóðir en áttu það flestir sameiginlegt að vera illskiljanlegir vegna stafsetningarvillna. Það þurfti því oft fleiri en einn til að ráða í táknaði.“

## Varð ungur forstjóri

Róbert var aðeins 29 ára þegar hann var ráðinn forstjóri lyfjafyrirtækisins Delta, sem síðar varð Actavis, eftir að hafa starfað hjá Samskipum frá því að hann útskrifaðist úr háskóla. Á aðeins sjö árum var Actavis komið í hóp fjögurra stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims. „Fyrirtækið óx hratt en skapaði líka mikil verðmæti fyrir íslenskt atvinnulíf. Það voru um 100 starfsmenn hjá fyrirtækinu árið 1999 en árið 2007 voru þeir 11.000 talsins í fjörutíu löndum og fyrirtækið skilaði líka miklum arði til íslenskra fjárfesta og lífeyrisgjóða.“

## Vill endurtaka leikinn

Róbert varð forstjóri Alvogen árið 2009 eftir að hafa leitt uppbyggingu Actavis. Hann segir það hafa blundað í sér að byggja upp leiðandi alþjóðlegt lyfjafyrirtæki á nýjan leik. „Uppbygging Actavis var draumi líkust en ég var meðvitaður um að það yrði mun stærri áskorun að endurtaka leikinn. Umhverfið var mikið breytt, mikil samþjöppun hafði átt sér stað og samkeppnin harðnað. Við settum strax stefnuna á að koma Alvogen í fremstu röð og það hefur gengið mjög vel. Fyrirtækið var aðeins starfandi í Bandaríkjunum þegar ég kom að því en er í dag í 34 löndum, með um tvö ▶





ÚTSALA  
40-50%  
afsláttur  
af öllum vörum!

**BOSS**  
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

*fierra*  
**GARÐURINN**  
*-klæðir þig vel*

568 9234

544 2410



► þúsund starfsmenn og við höfum fimmtánfaldað tekjur fyrirtækisins á aðeins fimm árum. Líkt og við uppbyggingu Actavis, þá munu Íslendingar spila stórt hlutverk í uppbyggingu fyrirtækisins.“

Á næsta ári lýkur framkvæmdum við Hátæknisetur Alvo-gen sem rís innan Vísindagarða Háskóla Íslands. Róbert vonast til að starfsemi Hátæknisetursins muni skila um 65 milljörðum í árstekjur þegar lyf fyrirtækisins koma á markað frá árinu 2018. Framkvæmdin mun vera ein sú stærsta frá efnahagshruni og alls munu 400 ársverk skapast á framkvæmdatímanum. „Við horfum sérstaklega til þess að ráða háskólamenntaða Íslendinga þó að lykilstjórnunarstöður verði mannaðar útlendingum. Við stefnum að því að skapa um 200 ný framtíðarstörf hér á landi á næstu árum, til viðbótar við þá 45 starfsmenn sem nú þegar hafa verið ráðnir til Alvo-gen á Íslandi.“

#### Langaði að gera þetta á Íslandi

„Valið stóð á milli Íslands og Möltu þegar við ákváðum að byggja upp þróunarsetur fyrir líftæknilyf. Umhverfið á Möltu er mjög hagstætt og það hefði verið fjárhagslega hagkvæmara til skamms tíma að byggja upp þessa starfsemi þar.

Lega Íslands mitt á milli stærstu markaðssvæða okkar í Bandaríkjunum og Evrópu, auk öflugsmenntakerfis hér á landi, eru hins vegar mjög jákvæðir kostir við uppbyggingu hér á landi. Við ákváðum að horfa frekar til langs tíma við okkar ákvörðun og létum neikvæða umræðu um rekstrarskilvæði alþjóðlegra fyrirtækja hér á landi ekki hafa áhrif á okkur. Á meðan mörg fyrirtæki hafa ákveðið að draga úr uppbyggingu sinni hér á landi, eða jafnvel flytja starfsemi úr landi, sjáum við tækifæri. Ég trúir því að Ísland geti verið leiðandi í þeirri þróun sem er að eiga sér stað innan líftæknigeirans um þessar mundir.“

#### Kominn á fulla ferð

Róbert byrjaði að vinna fullan vinnudag fyrir síðustu áramót en fram að þeim tíma hafði hann að miklu leyti unnið að heiman. Hann segist þó enn finna fyrir verkjum, ógleði og svima vegna slyssins sem mun sennilega taka einhvern tíma að losna alveg við. „Í dag get ég þó horft meira á kómísku hliðarnar á þessari lífsreynslu. Það var mikið hlegið á mínu heimili þegar ég fékk fyrstu máltíðina á Landspítalanum nokkrum dögum eftir slysið. Þá hafði ég verið með næringu í að í nokkra daga og fyrsti maturinn

sem ég fékk voru stappaðar kjötbollur. Það að fá einhvern mat var svo gott að ég bað hjúkrunarkonuna um uppskriftina. Við höfum þó ekki enn eldað kjötbollurnar þó að ég hafi fengið uppskriftina,“ segir Róbert brosandi.

„Ég er nokkuð jafnvígur á ensku og íslensku enda hef ég verið í miklum samskiptum utan Íslands síðustu fimmtán ár. Það var því skrítið að upplifa það á fyrsta starfsmannafundi eftir slysið með stórum hópi af lykilstjórnendum eftir að ég kom til vinnu að ég mundi ekki annað hvert orð í ensku. Það er víst hluti af miklum höfuðáverkum að svona lagað gerist.“

#### Byrjaður að æfa á ný

Róbert hefur alla tíð stundað líkamsrækt en hann hefur breytt æfingaáætluninni. „Ég er hjá sjúkrahjálpara í endurhæfingu í dag auk þess sem ég stunda reglulega rope-jóga. Rope-jóga hefur hjálpað mér mikið við að losna við verki og auka liðleika. Ég syndi líka í dag töluvert, mæti í spinning og stunda léttu líkamsrækt og er duglegri við teygjur án áður.“

Í dag er ég einfaldlega ekki tilbúinn til þess að hjóla. Auk þess var slysið talsvert áfall fyrir fjölskylduna og hjólréiðar eru því ekki á dagskrá á næstunni. Kannski breytist

þetta með tímanum, hver veit? Ég sakna þess samt töluvert að vera hættur að hjóla enda eru hjólréiðar frábær íþrótt og félagsskapurinn mjög góður. Ég eignaðist mikið af góðum vinum síðustu ár í hjólaíþróttinni og sá vinskapur stendur upp úr þegar ég horfi til baka.“

Hvaða lærdóm finnst þér þú hafa dregið af lífsreynslu þinni eftir slysið?

Að takast á við svona slys er álíka erfitt andlega og líkamlega. Það sem ég lærði af þessu ævintýri var að vera jákvæður og trúá því að ég kæmist í gegnum þetta. Ég veit að það eru ekki allir jafn heppnir og ég var. Í dag hef ég meiri skilning á því hvað einstaklingar sem lenda í enn alvarlegri slysum en ég ganga í gegnum. Fólk sem lamast á lífsleiðinni er hetjur í mínum huga, það er hreinlega óskiljanlegt hvernig hægt er að takast á við slíkt áfall.

Ég upplifði líka hvað aðstoð, hjálpsemi og væntumþykja skipta miklu máli þegar mikið bjátar á. Ég upplifði hvað margir voru tilbúnir til að hjálpa mér og leggja á sig til að mér liði betur. Bæði ættingjar, vinir, samstarfsmenn og fólk sem ég þekkti ekkert fyrir slysið. Ég er ekki viss um að allir þeir sem hjálpuðu mér viti hvað aðstoð þeirra var mér mikils virði.“

”Enginn óskar þess að lenda í svona alvarlegu slysi og vera rúmfastur í þrjú mánuði. En þrátt fyrir það var þetta að mörgu leyti góður tími. Ég var til dæmis alltaf heima þegar börnin mín komu úr skólanum sem ég hef aldrei áður haft tækifæri til.

”Í dag er ég einfaldlega ekki tilbúinn til þess að hjóla. Auk þess var slysið talsvert áfall fyrir fjölskylduna og hjólréiðar eru því ekki á dagskrá á næstunni. Kannski breytist þetta með tímanum, hver veit?



Landsvirkjun

## Það er allt í lagi að það blási svolítið

Í Búrfellsstöð við Þjórsá er gagnvirk orkusýning og skammt norður af stöðinni eru fyrstu vindmyllur Landsvirkjunar. Þeim er ætlað að veita vísbendingar um framtíðarmöguleika í beislun íslenska roksins. Við vonum auðvitað að sumarið verði gott en okkur finnst líka allt í lagi þó það blási hressilega í 50 metra hæð yfir hraunsléttunni fyrir norðan Búrfell.

#### Velkomin í heimsókn í sumar!


Gagnvirk orkusýning í **Búrfellsstöð** er opin alla daga kl. 10–17.

Einnig tekur starfsfólk á móti gestum við **vindmyllurnar norðan Búrfells** alla laugardaga í júlí kl. 13–17.

Jarðvarmasýning í gestastofu **Kröflu** er skemmtilegur áfangastaður fyrir norðan. Þar er opið alla daga kl. 10–17.

Við **Kárahjúkastíflu** tekur leiðsögumaður á móti gestum alla miðvikudaga og laugardaga kl. 14–17.

[www.landsvirkjun.is/heimsoknir](http://www.landsvirkjun.is/heimsoknir)





# FYRIR OG EFTIR SLYSIÐ


JÚLÍ 2012



ÁGÚST 2013



JÚLÍ 2013



SEPT. 2013



NÓV. 2013




AMUNDHAG



JÓNSSON & LEWACKS • JI.is • SÍA





Henry Birgir Gunnarsson

henry@frettabladid.is



Argentína er komin í úrslit á HM í fyrsta skipti í 24 ár. Úrslitaleikurinn á morgun er endurtekning á úrslitaleiknum fyrir 24 árum er Argentína spilaði gegn Þýskalandi. Reyndar hét það Vestur-Þýskaland á þeim tíma.

Besti knattspyrnumaður heims síðustu ár, Lionel Messi, er nú aðeins einum leik frá því að feta í fótspor mannsins sem flestir telja vera þann besta frá upphafi – Diego Armando Maradona. Fjölmargir eru á því að hann hafi sigrað á HM 1986 nánast upp á eigin spýtur en hann varð svo að lúta í gras fyrir Þjóðverjum í úrslitaleiknum fjórum árum síðar.

Á HM í Mexíkó árið 1986 kom Maradona að 10 af 15 mörkum liðsins og skapaði langflest færi allra á mótinu. Hann átti einnig flesta spretti allra þó svo hann væri með yfirfrakka á sér í öllum leikjum. Messi þekkir það einnig vel að fá frakka á sig en þrátt fyrir það hefur hann átt beinan þátt í rúmlega 62 prósentum marka Argentínu á mótinu. Hann hefur þó ekki verið sparkaður jafn grimmilega niður og Maradona á sínum tíma þó vissulega sé fast tekið á honum.

Messi hefur ekki verið eins afgerandi í sínum leik á HM í Brasilíu og Maradona var árið 1986, en hann er engu að síður kominn í úrslitaleikinn og er maðurinn á bak við velgengi liðsins. Hann skoraði úr fyrstu vítaspyrnu Argentínumanna í undanúrslitaleiknum gegn Hollandi og lék vel í riðlakeppninni. Hann er búinn að skora fjögur mörk í keppninni og leggja upp

eitt mark. Messi hefur þó ekki náð að skora í útsláttarkeppninni.

Ólíkt því sem var upp á teningnum fyrir fjórum árum þá hefur Messi notið þess meir núna að spila uppi félagi sína í stað þess að reyna að gera allt sjálfur. Samstarf hans við Angel di Maria var mjög farsælt og það leyndi sér ekki að Messi saknaði hans í undanúrslitaleiknum.

Allan sinn feril hefur Messi mátt þola endalausan samanburð við Maradona. Skiljanlega, enda báðir snillingar frá sama landinu og í svipuðum stærðarflokki. Messi er þremur sentimetrum hærri en Maradona sem er 166 sentimetrar að hæð. Þrátt fyrir ótrúleg afrek í Evrópu þá stendur hann enn í skugga Diego.

#### Fengið gagnrýni í Argentínu

Messi hefur í gegnum tíðina verið sakaður um að vera meiri Katalóni en Argentínumaður. Hann hefur mátt heyra gagnrýni um að hann leggi sig ekki allan fram fyrir landsliðið. Snillingurinn smávaxni hefur viðurkennt að sú umræða hafi oft sært hann. Hann hefur því mætt mótlæti í föðurlandinu.

Til þess að komast á sama stall og Maradona trónir á segja margir að hann verði að sigrá á HM með Argentínu. Það sé það eina sem dugi til. Aðrir segja á móti að ótrúleg afrek hans með Barcelona tali sínu máli. Vissulega talsvert til í því en það jafnast samt ekkert á við það afrek að sigrá í sjálfri heimsmeistarakeppninni.

Tækifæri Messi er núna og ekki víst að hann komist aftur í þessa stöðu á ferlinum. Arfleifð hans er að miklu leyti undir í þessum leik. Takist Messi að leiða Argentínu til sigurs á HM í fyrsta skipti í 28 ár þá er hann klárlega kominn út úr skugga Maradona þó það verði líklega rifist um það til eilífðarnóns hvor þeirra hafi verið betri knattspyrnumaður.



## TEKST **MESSI** LOKS AÐ STÍGA ÚT ÚR SKUGGA **MARADONA?**

Það er meira undir í úrslitaleik HM á morgun en sjálfur titillinn. Sérstaklega hjá besta knattspyrnumanni heims undanfarin ár, Lionel Messi. Þrátt fyrir ótrúlega farsælan feril hefur hann þurft að lifa í skugga Diego Maradona í föðurlandinu. Arfleifð Messi er að mörgu leyti undir í þessum leik er hann fær tækifæri til þess að gera það sem Maradona gerði síðastur Argentínumanna.

## Argentína hefur beðið í 24 löng ár eftir hefndinni

Sömu þjóðir og mættust í úrslitum HM 1990 spila til úrslita í ár og Argentínumenn munu ekki sætta sig við annað tap gegn þýskum.

Úrslitaleikur HM árið 1990 á milli Argentínu og Vestur-Þýskalands var endurtekning á úrslitaleiknum fjórum árum áður. Þá vann Argentína 3-2 en Þjóðverjar náðu fram hefndum gegn Maradona og félagum með 1-0 sigri á Ólympíuleikvanginum í Róm.

Eina mark leiksins skoraði Andreas Brehme úr vítaspyrnu fimm mínútum fyrir leikslok. Leikurinn var ekki sá skemmtilegasti í keppninni en hann var sögulegur að mörgu leyti.

Í fyrsta skipti í úrslitaleik HM voru leikmenn reknir af velli. Argentínumaðurinn Pedro Monzon

fékk þann vafasama heildur að verða sá fyrsti sem fékk rautt í úrslitum HM er hann negldi Jürgen Klinsmann, núverandi landsliðspjálfa Bandaríkjanna, niður. Landi hans, Gustavo Dezotti, fór sömu leið er hann fékk sitt annað gula spjald fyrir skrautlega tæklingu á Jürgen Kohler.

Argentínumenn lögðust í skotgrafirnar í þessum leik enda með fjóra byrjunarliðsmenn í banni og aðra meidda. Maradona var í strangri gæslu allan leikinn og komst ekkert áfram. Argentínumenn ætluðu sér í vítakeppni og áttu aðeins eitt skot að marki allan

leikinn á meðan Þjóðverjar lúðuðu sextán sinnum á rammann.

Það eru talsverð líkindi á milli liðanna í dag og fyrir 24 árum. Argentína er með einn yfirburðamann sem bjargar þeim þegar á þarf að halda og liðið hefur verið gagnrýnt fyrir leiðinlegan leik rétt eins og árið 1990. Í marki Argentínu er líka óþekktur vítabani sem hefur stigið upp líkt og Sergio Goycochea gerði á Ítalíu fyrir 24 árum.

Þýskaland er aftur á móti sterk liðsheid þar sem enginn einn leikmaður skarar fram úr. Liðið er vél og við þessa þýsku vél réð Argentína ekki fyrir 24 árum.



**LOK, LOK OG LÆS**  
Maradona komst ekkert áfram í úrslitaleiknum 1990. Hvað gerir Messi gegn Þjóðverjum á morgun? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



# FRAMTÍÐARSTÖRF



## MARKAÐSFULLTRÚI

Óskum eftir að ráða markaðsfulltrúa sem aðstoðar við markaðssetningu fjölmargra vörumerkja.

### Hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi á markaðsmálum
- Reynsla af markaðsmálum æskileg
- Áhugi á samfélagsmiðlum og reynsla í notkun þeirra
- Sköpunar- og drifkraftur
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

### Helstu verkefni:

- Aðstoð við markaðssetningu vörumerkja
- Vöruframsetning
- Umsjón með samfélagsmiðlum
- Umsjón með vefsíðum
- Textaskrif, þýðingar ofl.
- Önnur sölu- og markaðstengd verkefni

## SÖLUFULLTRÚI Á SUÐURLANDSBRAUT

Leitum að sölufulltrúa í fullt starf í verslun okkar að Suðurlandsbraut, þar sem fyrir er þéttur og skemmtilegur hópur sölufulltrúa.

### Umsækjendur þurfa að:

- Hafa brennandi áhuga á raf- og heimilistækjum!
- Vinna vel bæði í hóp og sjálfstætt
- Tala bæði og skrifa íslensku reiprennandi
- Í starfinu felst að þjónusta viðskiptavinum Heimplistækja, og er því rík þjónustulund mikilvæg

## SÖLUFULLTRÚI – HLUTASTARF

Heimplistæki leitar að öflugum sölufulltrúa til starfa um helgar, yfir sumur og háannatíma. Hentar vel fyrir skólafólk sem hefur brennandi áhuga á raf- og heimilistækjum og vantar aukavinnu.

### Umsækjendur þurfa að:

- Hafa brennandi áhuga á raf- og heimilistækjum!
- Vinna vel bæði í hóp og sjálfstætt
- Tala bæði og skrifa íslensku reiprennandi
- Í starfinu felst að þjónusta viðskiptavinum Heimplistækja, og er því rík þjónustulund mikilvæg

## LAGERSTARFSMAÐUR / BÍLSTJÓRI

Óskum eftir lagerstarfsmanni/bílstjóra í fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi hafi meirapróf eða áhuga á að taka slíkt próf.

### Umsækjendur þurfa að:

- Búa yfir öguðum vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikum
- Vera líkamlega hraustir
- Vinna vel bæði í hóp og sjálfstætt

Hvetjum alla sem uppfylla þessi skilyrði og hafa áhuga á auglýstum störfum til þess að fylla út rafræna umsókn á heimasíðu okkar [www.ht.is/starf](http://www.ht.is/starf)

Heimplistæki var stofnað árið 1962 og er í dag leiðandi fyrirtæki í sölu á raf- og heimilistækjum á Íslandi. Starfræktar eru 7 verslarnir um land allt undir merkjum Heimplistækja.



**Heimplistæki** ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT



# KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!

## GRILLPÖRENNNA

### Krónunnar

GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

## Grillað 'etta



**2298**  
kr./pk.

#### Partíbackinn

Kokteilpysur  
8 mini partýborgarar  
foreldaðir m/brauði



**2498**  
kr./kg

#### Steikargrillarinn

Gríspjót með hvítlauk og rósmarín  
Úrbeinaður grísahnakki, kolagrillmarineraður  
Úrbeinuð kjúklingalæri, New York marinerað



**3298**  
kr./kg

#### Flotti grillarinn

Lúxus grísakótilettur, með hvítlauk og rósmarín  
Lambakótilettur, kolagrillmarineraðar  
Lambainnalæri, kolagrillmarinerað



New York marinerað

Ókryddað

Hvítlauks- & rósmarín-marinerað

Kolagrill-marinerað



**3998** kr. kg

Verð áður ~~4498~~ kr. kg  
Lambafille með fiturönd, ókryddað eða kryddað



**2298** kr. pk.

Hereford hamborgarar, 6 x 200 g

6 í pk.



**159** kr. pk.

Líf pylsubrauð, 5 stk.

**359** kr. pk.

Krónu pylsur, 10 stk.



# GEGGJADUR GRIS



Ókryddaðar



Kolagrill-marineraðar



Kryddaðar

**798** kr. kg

Verð áður ~~898~~ kr. kg  
Grísabógsneiðar, ókryddaðar  
kryddaðar eða kolagrill-  
marineraðar



4 í pk.

**798** kr. pk.

Grillborgarar með brauði, 4 stk.

50% afsláttur

**999** kr. kassinn

56 í kassa

Verð áður ~~1998~~ kr. kassinn  
Prins Pólo kassi, 56 x 13 g

Kaupðu 3 borgaðu 2

**125** kr. stk.

Yippy ávaxtadrykkir í sportflösku, 4 teg.

## SUMARÁVEXTIR

**299** kr. pk.

Paraguaos steinaldin, 450 g

**349** kr. kg

Ferskjur

**349** kr. kg

Nektarínur, 1 kg

**379** kr. pk.

Apríkósur, 500 g

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

Öll verð enu birt með fyrirvara um þrenntíllur ógleda myndabreiðngi  
EPO - www.eppo.is



# Hérað fjarða, dala og fjalla

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is

Miðbik Norðurlands er heillandi svæði. Með Grímsey úti á sundinu og Hrísey nær, höfuðstað Norðurlands við Eyja-fjarðarbotn og sjávarplássin Siglufjörð, Ólafsfjörð og Dalvík norðar; vinalegu þorpin Árskógssand, Hauganes og Hjalteyri meðfram vesturströnd Eyjafjarðar og blómlegar sveitir til landsins. Alls staðar er eitthvað sniðugt að upplifa og skoða.

## EYJAFJARÐAR-SVÆÐIÐ OG FJALLABYGGÐ



**VIÐ POLLINN**  
Á Akureyri er Listagilið, Hof, Lystigarðurinn og Kjarnaskógur og líka Brynjuís og Bakaríð við brúna ásamt öllu hinu.

1

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Útivist og afþreying

Eftir að hafa heimsótt söfn og söguslóðir er svalandi að fá sér ís

### 2. Hjá listaskáldinu

Á Hrauni í Öxnadal, fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar, ber oddhvassan Hraundranginn við himin. Hraunsvatn leynist í dalverpi ofan við bæinn og þar ríkir fegurðin ein. Ganga þangað frá veginum tekur rúma klukkustund. Minningarstofur um Jónas eru á Hrauni og verða næst opnar 2. ágúst.

### 3. Ljóðið lifir

Ljóðasetur Íslands er eitt af söfnum Siglufjarðar. Það er við Túngötu 5 og ekkert kostar inn. Handrit, fróðleiksspjöld, myndir og kver eru til sýnis og bækur til sölu og klukkan 16 alla daga er lifandi flutningur ljóða eða tóna. Opið er frá klukkan 14 til 17.30.

### 4. Fyrsti skipasmiðurinn

Við eyðibýlið Karlsá á Upsaströnd, skammt norðan Dal-

víkur, er minnimerki um Duggu-Eyvind Jónsson sem var orðlagður hagleiksmaður og smíðaði fyrstur Íslendinga haf-fært þilskip á ofanverðri 18. öld.



### 5. Jóhann risi

Í Hvoli við Karlsraudatorg á Dalvík er byggða- og náttúruminjasafn. Þar eiga tveir svarfdælskir heiðursmenn sínar stofur, Jóhann Pétursson sem eitt sinn var hæsti maður heims, 234 cm, og Kristján Eldjárn, forseti Íslands. Safnið er opið frá klukkan 11 til 18.

### 6. Friðland

Á Húsabakka í Svarfaðardal er hin fjölskylduvæna sýning Friðland fuglanna. Þar á hver fugl sína sköndu sögu. Fræðslustígar liggja frá Húsabakka um Friðland Svarfdæla og líka frá Dalvík. Fuglaskoðunarhús eru við Tjarnartjörn og Hrísatjörn.



8

Sýningin er opin alla daga yfir sumarið frá 12 til 17. Sjá [birdland.is](http://birdland.is)

### 7. Í búðarleik

Gásar í Hörgárbyggð voru aðalverslunarstaður Norðurlands um aldir. Á árlegum miðaldadögum sem nú verða 18. til 20. júlí safnast fólk á öllum aldri þar saman og minnst fortíðarinnar með markaði, listsköpun við hæfi og miðaldamatargerð, líka bogfimi



9

og knattleikjum að hætti fornmannanna. Sjá [gasir.is](http://gasir.is).

### 8. Leikföng afa og ömmu

Leikfangasýning er í Friðbjarnarhúsi við Aðalstræti 46 á Akureyri. Þar hverfur fullorðið fólk til æskunnar í huganum, börnin sjá hvað afa og amma léku sér með þegar þau voru litil og í leikherberginu er nóg af dóti sem má snerta. Opið er milli 13 og 17 alla daga í sumar.

### 9. Ís í sveitinni

Á bænum Holtseli í Eyjafjarðarsveit er sveitabúð og kaffihús þar sem bændur selja margar tegundir af rjóma- og mjólkurís úr eigin mjólk og ávaxtaís og sorbet fyrir þá sem það kjósa. Þar fæst líka kjöt, egg, broddur og silungur beint frá býli. Holtsel er í hlífðinni fyrir ofan kirkjustaðinn Grund. Þar er opið alla daga milli klukkan 13 og 18. Sjá [holtsel.is](http://holtsel.is).



## Forsetaleiðin vinsæl í Hrísey



### 10. Fyrir fjölskylduna

Í Hrísey er bílaumferð í lágmarki en boðið er upp á 40 mínútna ferðir á dráttarvélavagni með leiðsögumanni um hluta eyjunnar – svokallaða forsetaleið því Ólafur Ragnar fór fyrstu ferðina árið 1999. Fjölskylduhátíð er í eyjunni nú um helgina, með fjöruferð, kvöldvöku, varðeldi og söng. Sigling frá Árskógssandi tekur 15 mínútur.



## Neytum og njótum

## Norðlenskt góðmeti á borðum

### 11. Heimabakað og smurt

Kaffi Klara var opnað í gamla pósthúsinu á Ólafsfirði og nýtir innréttingar og tæki úr sögu hússins, ásamt bókum, til að skapa notalega stemningu. Allar mögulegar tegundir kaffis, öl og léttvín er í boði og kökur og tertur eru bakaðar á staðnum. Líka matbrauð sem meðal annars er smurt með norðlenskum silungi. Opið er frá 11 til 7 alla daga.

### 12. Gælt við skilningarvitin

Örkin hans Nóa er einn af veitingastöðum Akureyrar. Hún er í koparhúðuðu húsi við Hafnarstræti 22, gegnt smábátahöfninni, og utan dyra og innan er list sem gleður augað. Því má segja að Örkin gæli við flest skilningarvit. Sjávarréttir eru aðall hennar en fleira er á matseölinum úr fersku hráefni af svæðinu og allir aðalréttir eru bornir fram á pönnum. Opið er frá 12 til 14 og 18 til 22.



11



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HARMÓNÍKUHÁTÍÐ

Hin árlega Harmóníkuhátíð Reykjavíkur verður haldin í Árbæjarsafni á sunnudaginn. Dagskrá hefst klukkan 13.

## Hreinsaðu til í líkamanum

Nýtt

Inniheldur gerjuð ensím úr silkiormi sem brjóta niður óæskileg prótein og úrgangsefni í líkamanum.

Einstök ensím við bólgu-sjúkdómum



www.gengurvel.is

# ÖFLUG VÖRN GEGN SVEPPASÝKINGU

**ICECARE KYNNIR** Bio Kult Candéa-hylkin veita öfluga vörn gegn candida-sveppasýkingu. Unnur Gunnlaugsdóttir segir notkun hylkjanna það eina sem hafi virkað í baráttu hennar við síendurteknar sýkingar.

**B**io Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og grape seed extract. Það virkar sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla. Sveppasýking getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni sveppasýkingar geta meðal annars verið munnangur, fæðuþol, pírringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, migreni og alls kyns húðvandamál.

Bio Kult Candéa er öflug vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Unnur Gunnlaugsdóttir fékk fyrst sveppasýkingu fyrir fjórtán árum og fékk í kjölfarið síendurteknar sýkingar. „Ég hef prófað allt til að losna við sveppasýkinguna, allt frá grasalækningum til lyfseðilsskyldra lyfja til að losna við þennan ófögnuð en ekkert hefur virkað. Ég minnkaði líka mjög neyslu á einföldum kolvetnum en það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanlíðan, ég var orðin mjög þunglynd,“ segir Unnur.

Hún segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum eftir að hún fór að taka inn Bio Kult Candéa-hylkin. „Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja sveppasýkingum. Að auki get ég loksins farið í sund og nýt þess að fara í sund reglulega með börnunum mínum, þvílíkur munur. Ég mun hiklaust halda áfram að nota Bio Kult Candéa og mæli með Bio Kult Candéa-hylkjunum.“

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, icecare.is, og heimsækið Facebook-síðu Bio Kult Candéa til að taka þátt í léttum leik.



### BREYTTI LÍFINU

Unnur segir notkun á Bio Kult Candéa-hylkjunum hafa breytt lífi sínu. Hún er laus við síendurteknar sveppasýkingar sem hrjáðu hana áður í mörg ár.

### HVAR FÆST BIO KULT CANDÉA?

Hylkin henta vel fyrir alla, barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsumverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

www.fi.is

## Á slóðir KONRADS MAURERS

Ferðafélag Íslands efnir til dagsferðar um Suðurland á slóðir Konrads Maurers laugardaginn 19. júlí.

Mæting er í Dillonshúsi í Árbæjarsafni kl. 08:00, byrjað verður með morgunverði þar og þaðan ekið að Skógum undir Eyjafjöllum og til baka um Bláskógaveiði og Mosfellsdal með viðkomu á ýmsum stöðum sem Konrad Maurer heimsótti í Íslandsferð sinni 1858.

Martin Maurer verður leiðsögumaður og fararstjóri. Leiðsögn verður bæði á þýsku og íslensku.

Nánari upplýsingar eru á [www.fi.is](http://www.fi.is)



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | [www.fi.is](http://www.fi.is)

## ÚTSALA! ÚTSALA!

B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

## Ný Polarolía

Nýtt útlit-meiri virkni Selolía, einstök olía



Nýtt! D-vítamínbætt

Gott fyrir:

Maga- og þarmastarfsemi  
Hjarta og æðar  
Ónæmiskerfið  
Kólesteról  
Liðina

Meiri virkni Hátt hlutfall Omega 3 fitusýrur

Minn læknir mælir með Selolíu, en þinn?

ENDT

Selolían finnst í apótekum. Þín verslan Seljabraut, heilsumúsum, Fjarðarbrautum, Fiskibúðinni Trénuferðunni, Moðrunu og Melabúð

## Frábært fyrir DETOXÍÐ!



Einstakt VERÐ!

Útsöluastaðir: flest apótek, heilsumúðir og heilsuhillur stórmarkaðanna



# HEILBRIGÐ LAUSN VIÐ SVEFNVANDA

**BALSAM KYNNIR** *MAGNOLIA OFFICINALIS* – Það nýjasta frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð vegna svefnvanda mála, stuðla að heilbrigðum, samfelldum svefni, vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.

**B**örkur af plöntunni *Magnolia officinalis*, sem vex í fjallahéruðum Kína, hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir tvö þúsund ár í Asíu. Rekja má ótrúlegan lækningamátt hans til náttúrulegu efnanna honokiól og magnólól. Börkurinn virkjar taugaboðefni í heilanum sem hafa slakandi og róandi áhrif og stuðlar að heilbrigðum, samfelldum svefni. Börkurinn vinnur einnig gríðarlega vel gegn kvíða og þunglyndi með því að koma jafnvægi á hormónið kortísól, sem er stundum kallað stresshormónið.

Nýleg rannsókn frá landlæknisembættinu sýnir að um þriðjungur Íslendinga á við svefnvandamál eða þunglyndi að stríða.

## Á NETINU

Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri Balsam, bendir sem flestum á að kynna sér lækningamátt *Magnolia* á netinu.

## UMFJÖLLUN Í FRÆÐIRITUM

Mikið hefur verið fjallað um plöntuna nýlega, til að mynda í fræðiritinu „The Nutrition Journal“ og á vefsíðunni [webmd.com](http://webmd.com).

## NÝ SENDING KOMIN Í VERSLANIR!

*Magnolia officinalis* hefur nú þegar notið mikilla vinsælda á Íslandi og seldust fyrstu sendingarnar upp með hraði.

**Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilshúsinu, Heilsuhorninu í Blómavali, vefversluninni [heilsutorg.is](http://heilsutorg.is), Fjarðar kaupum og Heimkaupum.**



**MEIRI HVÍLD** *Magnolia officinalis* stuðlar að heilbrigðum, samfelldum svefni.

## MARGIR HAFNA HAFT SAMBAND

Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri hjá Balsam, þakkar frábærar móttökur. „Svefnvandi og þunglyndi eru virkilega erfið vandamál sem geta sett mikið álag á líf fólks. Margir hafa nú þegar haft samband og sagt mér að með hjálp *Magnolia* hafi þeim tekist að ná mun betri stjórn á svefninum og þeim hafi ekki liðið betur í langan tíma.“



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, [kolli@365.is](mailto:kolli@365.is), s. 512 5447

# SMÁMUNASAFN SVERRIS

*Íslenski safnadagurinn er haldinn hátíðlegur um allt land á sunnudaginn. Fjöldi safna tekur þátt, þar á meðal hið lítt þekktu en stórskemmtilega Smámunasafn Sverris Hermannssonar húsasmíðameistara í Eyjafjarðarsveit.*

Í Smámunasafni Sverris Hermannssonar í Sólgarði í Eyjafjarðarsveit, um 27 km sunnan við Akureyri, er að finna óteljandi hluti sem Sverrir Hermannsson húsasmíðameistari sankaði að sér á fimmtíu ára tímabili. Sverrir, sem fæddist 1928, er þekktastur fyrir endurbýggingu og viðgerðir gamalla húsa. Þar má nefna Laxdalshúsið, Nonnahús á Akureyri og ófáar kirkjur.


Trésmíðaverkfæri af ýmsu tagi eru enda fyrirferðarmikil í safni hans og er þar að finna fágætt úrval þeirra. Þar má rekja þróunarsögu hamra, heflla, hjól-sveifa og annarra tækja og tóla sem tengjast trésmíðinni allt frá því á síðari hluta nítjándu aldar til dagsins í dag. Sverrir hefur einnig safnað áhöldum sem lúta að eldsmíði og járnsmíði. Þar má þó einnig finna aragrúa annarra smámuna, bæði hversdagslegra og óhefðbundinna.

Á safnadaginn verður tveir fyrir einn tilboð í aðgangseyri á Smámunasafni sem verður opið frá 11 til 17. Á kaffihúsi safnsins fást vöflur og súkkulaðikökusneiðar að hætti kvenfélagskvenna. Þess má geta að sýningin Barnagull verður í safninu í allt sumar.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.smamunasafnid.is](http://www.smamunasafnid.is) og á Facebook.



**SMÁMUNIR** Í Smámunasafninu ægir öllu saman, frá kaffikvörnum og Spur Cola-flöskum til verkfæra af öllu tagi.





**FJÖLSKYLDUHÁTÍÐIN  
Í GALTALÆKJARSKÓGI MEÐ  
ROLLA  
PÖNK  
18.-20. JÚLÍ**

STÚTFULL DAGSKRÁ AF SKEMMTIATRÍÐUM FYRIR ALLA  
FJÖLSKYLDUNA!

MIÐASALA FER FRAM Á MID.I.S



[FACEBOOK.COM/GALTALÆKJARSKOGUR](https://www.facebook.com/galtalækjarskogur)      GALTALÆKJARSKOGUR



# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX  
FREE**

**SNYRTIVÖRU  
DAGAR**

DAGANA 10.-14. JÚLÍ  
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

\*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*



**OptiBac**  
probiotics

For travelling abroad

Er ferðalag í vændum?  
Borðu það sem þig lystir á ferðalaginu með hjálp vinveittra meltingargerla!



Góð melting í ferðalaginu með „For travelling abroad“ frá OptiBac Probiotic

Inniheldur vinveitta meltingargerla sem minnka verulega hættu á á hvers kyns meltingarvanda, svo sem niðurgangi, hægða tregðu og matareitrun.

[www.facebook.com/optibaciceland](http://www.facebook.com/optibaciceland)

Þú færð Optibac probiotics í öllum helstu apótekum

**Útsala**  
30% afsláttur



Vertu vinnur okkar á Facebook [f](https://www.facebook.com/hjafrafnhildi)

**hjá Hrafnhildi**

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- [www.hjafrafnhildi.is](http://www.hjafrafnhildi.is)

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16



**KitchenAid**

THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS



**50**  
1964-2014

**Einar Farestveit & Co.hf.**  
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)



**FJÖR Í MIÐBÆNUM**  
Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, fiðlu- og básúnuleikari, verður með tónleika á Jómfrúnni um næstu helgi.

# SJÓÐHEIT SAMBA FRÁ BRASÍLÍU

**HEILLANDI HEIMUR** Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, fiðlu- og básúnuleikari, er nýflutt heim eftir fjögurra ára tónlistarnám í Hollandi. Þar lagði hún áherslu á suðurameríska tónlist. Eftir nám dvaldi hún í fimm mánuði í Brasilíu.

Sigrún Kristbjörg hefur stofnað Brasilíukvartett sem kemur fram í fyrsta skipti um næstu helgi, 19. júlí, á Jómfrúnni í Lækjargötu. „Æfingar hafa staðið yfir undanfarið en með mér verða Ásgeir J. Ásgeirsson, gítar, Andri Ólafsson, kontrabassa og Matthías Hemstock, trommur og slagverk. Ég á von á að öll þessi helgi fari í æfingar og undirbúning fyrir tónleikana um næstu helgi, enda er þetta í fyrsta skipti sem bandið kemur fram,“ segir hún.

Sigrún stundaði nám í Codarts-listaháskólanum í Rotterdam. „Í þessum skóla er sirkus-, dans- og tónlistardeild, sú síðastnefnda með hefðbundinni klassík, djassi og heimstónlist sem ég valdi. Í henni er deild með suðuramerískri tónlist sem hefur alltaf heillað mig. Þegar ég var búin að spila suðurameríska og kúbverska tónlist í fjögur ár var borðleggjandi að fara til Brasilíu og spila með þarlandum hljómsveitum. Í gegnum námið í Hollandi kynntist ég mörgum tónlistarmönnum frá Brasilíu og ég átti inni heimboð vítt og breitt. Ég fór til Ríó, Sao Paulo og Belo Horizonte þar sem ég spilaði með píanóleikara sem heitir Marcos Souze, en hann lék hér á landi með mér í síðustu viku á stofutónleikum hjá Begga og Pacas. Við fluttum tónlist eftir hann og föður hans Chico Mário, þekkt tónskáld frá Brasilíu, með Þórdísi Gerði Jónsdóttur, selló, Andra Ólafssyni, bassa, Elizabeth Fadel, píanó og slagverk og Helmut Riebl, fiðlu,“ segir Sigrún.

## Á KARNIVALI Í RÍÓ

Sigrún stofnaði básúnukvartett í Ríó með góðum vini sínum Jonas Correa. „Hann er básúnuleikari og tónskáld frá Ríó,“ segir hún. „Kvartettinn heitir Encontro og er með tveimur öðrum frábærum básúnuleikurum frá Ríó, Everson Moraes og Thiago Osorio. Ég byrjaði ferðina á að taka upp nokkrar útsetningar eftir okkur í stúdíói þar, en núna er kvartettinn í smá dvala. Hann tekur síðan aftur til starfa í janúar en þá ætla ég aftur til Brasilíu. Við spilum brasilísk lög í okkar eigin útsetningum.“

Sigrún segir að það hafi verið



**BEINT FRÁ BRASÍLÍU** Þessi mynd var tekin af Sigrúnu þegar hún ferðaðist um Brasilíu og lék þar á tónleikum.

algjör draumur að koma til Brasilíu. „Gestrisni er varla nógu stórt orð til að lýsa því hversu vel var tekið á móti mér. Ég fékk tækifæri til að spila á alls kyns stöðum, til dæmis á karnivalinu í Ríó í febrúar sem var einstakt. Einnig spilaði ég á tónleikum með stór-sveit í Sao Paulo sem heitir Zerro Santos big band project. Sú hljómsveit hefur verið starfandi í meira en tuttugu ár. Brasilía er stórt land og þar eru margar tónlistarstefnur, það eru til 130 ryþmar í þessu tónlistarlandi. Það var stórkostlegt að upplifa músíkina í réttu umhverfi. Þetta var toppurinn fyrir mig,“ útskýrir hún.

Sigrún byrjaði ferðina með hollenskri skólasystur sinni, Floor Polder, sem er flautuleikari. „Við höfðum sömu markmið þegar við höldum til Brasilíu en ferðin var farin svolítið blindandi. Eitt leiddi bara af öðru. Eftir námið var eiginlega borðleggjandi að fara og kynna músíkinni í sínu rétta umhverfi. Það er til dæmis töluvert öðruvísi að spila karnivaltónlist þar sem hátíðin fer fram en í rigningunni í Hollandi.“

## MÓTMÆLTU HM

Á meðan Sigrún dvaldi í Brasilíu var undirbúningur fyrir HM á fullu í landinu. „Það var einstakt að upplifa undirbúninginn en ég hef aðra sýn á keppnina en þeir sem heima sitja og horfa á sjónvarpið. Vörurverð hækkaði til dæmis mikið þegar leið að keppninni, jafnt á matvörum

sem almenningssamgöngum. Mótmæli voru víða á götum og verkföll áberandi. Ég hef því frekar sterkar skoðanir á FIFA en hef engu að síður fylgst með keppninni,“ segir hún.

Tónleikarnir á Jómfrúnni eftir viku eiga hug Sigrúnar allan þessa dagana og hún hlakkar til að skemmta Íslendingum. „Þetta er fjörug og skemmtileg músík. Tónleikarnir eiga eftir að gasta gestum í gott skap og vonandi hreyfa þeir sig í takt við tónlistina.“

## FLEIRI TÓNLEIKAR

Sigrún var ung þegar hún byrjaði að læra á fiðlu og básúnu í Tónlistarskólanum í Hafnarfirði. „Foreldrar mínir leika á hljóðfæri þótt það sé ekki opinberlega og sömuleiðis systkini mín. Það kom því aldrei annað til greina en að ég færi líka í tónlistarnám,“ segir hún. „Ástæðan var ekki sú að ég væri einstakt hæfileikabarn heldur miklu frekar að námið þótti sjálfsagt á heimilinu.“

Sigrún segist sjá mikla breytingu á Reykjavík á þeim fimm árum sem hún var í burtu en hún kom sjaldan heim á þessum árum. „Það hefur komið á óvart hversu mikil fjölgun ferðamanna er hér,“ segir hún. Sigrún segist stefna á Brasilíu eftir áramótin í þrjá mánuði. Hún er afar sátt við að áhugi á suðuramerískri tónlist er mikið að aukast hér á landi og vonast til að það verði fleiri tónleikar hjá Brasilíubandinu á næstunni. [elin@365.is](mailto:elin@365.is)



## Capacent Ráðningar

## AÐALBÓKARI



Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs ásamt menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

Óskað er eftir aðalbókara í fullt starf fyrir Rannís og sjóði sem eru í umsýslu stofnunarinnar, s.s. Rannsóknasjóð, Tækniþróunarsjóð og Nýsköpunarsjóð námsmanna.

Helstu verkefni eru færsla bókhalds, merking fylgiskjala, uppgjör. Yfirumsjón með afstemmingu bankareikninga, lánadrottna og viðskiptamanna, ferðareikninga og innheimtu. Ársreikningagerð.

Aðalbókari mun bera faglega ábyrgð á bókhaldi Rannís og tilheyrandi sjóða, byggja upp verkferla sem lúta að bókhaldi bæði innan sviðs og utan. Starfið fellur undir rekstrarsvið.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Við ráðningu í starfið verður tekið mið af jafnréttisáætlun Rannís. Laun greiðast samkvæmt viðeigandi kjarasamningi við fjármálaráðuneytið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Umsóknarfrestur er til og með 4. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannesdottir@capacent.is](mailto:silja.johannesdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14  
Sími 540 1000

capacent

## SPENNANDI TÆKIFÆRI

LNS SAGA LEITAR AÐ NÝJUM OG KRÖFTUGUM STARFSMÖNNUM TIL AÐ SLÁST Í HÓPINN OG TAKA ÞÁTT Í ÁFRAMHALDANDI VERKEFNUM OG UPPBYGGINGU FYRIRTÆKISINS Á ÍSLANDI.

### UMSJÓNARMÁÐUR GÆÐA- OG ÖRYGGISMÁLA

Umsjónarmaður gæða- og öryggismála starfar með vinnustöðum fyrirtækisins í Noregi að uppsetningu og samræmingu gæða- og öryggisáætlana í samræmi við kröfur fyrirtækisins og hvers verkefnis. Æskilegt er að viðkomandi hafi góða tölvukunnáttu og reynslu af verklegum framkvæmdum þar sem unnið er í stórum verkefnum eins og vegagerð, hafnarmannvirkjagerð og jarðgangnagerð.

Starfsmaður hefur aðsetur á Íslandi en ferðast á milli vinnustaða erlendis þegar þörf er á.

### BYGGINGARVERKFRÆÐINGAR OG BYGGINGARTÆKNIFRÆÐINGAR

Vegna aukinna verkefna þá leitum við að byggingarverkfræðingum og byggingartæknifræðingum til starfa. Um er að ræða störf í Noregi og á Íslandi sem tengjast nýjum og núverandi verkefnum fyrirtækisins. Störfin eru fjölbreytt og krefjandi og þar sem reynir á flesta þætti sem koma upp í tengslum við stór verkefni s.s. samninga- og tilboðsgerð, gerð verkáætlana og verkefnastjórnun á staðnum.

### UMSJÓN MEÐ TÖLVUKERFUM OG HEIMASÍÐU

LNS Saga leitar að öflugum og úrræðagóðum sérfræðingi í tölvumálum til að sjá um tölvumál fyrirtækisins á Íslandi. Um er að ræða starf sem felur í sér uppsetningu og umsjón upplýsingatæknikerfa auk notendaþjónustu. Uppsetningin verður unnin í samstarfi við móðurfélag LNS Saga í Noregi. Góð ensku kunnáttu og einhver kunnáttu í norsku, dönsku eða sænsku er nauðsynleg. Umsókn um starfið þarf að skila á einhverju af framangreindum tungumálum. Auk umsjonar með kerfum þá mun starfsmaður sjá um uppsetningu og utanumhald á heimasíðu fyrirtækisins.

Reynsla af rekstri tölvukerfa og notendaþjónustu er nauðsynleg.

### VERKSTÆÐISMAÐUR

LNS Saga vantar vanan viðgerðarmann til starfa á verkstæði fyrirtækisins í Noregi. Viðkomandi aðili þarf að starfa sjálfstætt og stýra verkefnum og rekstri verkstæðis. Reynsla af viðgerðum á vinnuvélum er nauðsynleg. Æskilegt er að viðkomandi hafi kunnáttu í ensku eða einhverju norðurlandtungumáli.

Unnið er samkvæmt vaktakerfi þar sem gert er ráð fyrir ferðum til og frá Íslandi í vaktatrium.

Upplýsingar um störfin veitir Sigríður Guðmundsdóttir á [sigridur.gudmundsdottir@lns.is](mailto:sigridur.gudmundsdottir@lns.is) eða í síma 511 7040.

Áhugasamir sendi umsókn merкта tilteknu starfi ásamt ferilsskrá á [umsokn@lns.is](mailto:umsokn@lns.is) til og með 20. júlí.

Umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað þegar ráðningu er lokið.

LNS Saga er ungt og framsækið íslenskt verktakafyrirtæki, dótturfélag norska verktakafyrirtækisins Leonhard Nilsen & Sønner AS. Helstu verkefni LNS Saga eru í Noregi og snúa m.a. að jarðgangnagerð, eftirvinnu gangnagerðar, gerð hafnarmannvirkja auk vinnu við virkjanir og vegagerð. Starfsmenn LNS Saga eru um 170 talsins. Þeir eru með fjölbreyttan bakgrunn og menntun og staðsettir í verkefnum víðsvegar um Noreg og á skrifstofu fyrirtækisins á Íslandi.





# COMMA

## OPNAR Á ÍSLANDI




Við erum að leita að hressu, glaðværu og jákvæðu starfsfólki með mikla þjónustulund til starfa í verslun okkar sem mun opna í Smáralind í september.

Ef þessir eiginleikar eiga við þig erum við með í boði bæði fullt starf og hlutastörf.

Reynsla af afgreiðslustörfum er kostur og brosmildi er æskilegt.

Ef þú telur þig eiga samleið með okkur þætti okkur vænt um að heyra frá þér með því að fá senda ferilskrá með mynd á [umsoknir@tiskan.is](mailto:umsoknir@tiskan.is). Umsóknarfrestur er til og með 27. júlí 2014.

comma er ein stærsta alþjóðlega kvenfataverslun Evrópu sem býður upp á fallegan gæða fatnað og fylgihluti fyrir konur á öllum aldri. comma er með yfir 100 verslanir og 2.200 í 25 löndum. Eitt af aðalmerkjum comma er að bjóða upp á hágæða vörur á hagkvæmu verði.

 Comma Iceland

comma,



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN). Heilbrigðisráðherra skipar í stöðuna til fimm ára frá 1. október 2014.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Starfssvæði stofnunarinnar nær frá Blönduósi til Þórshafnar og sinnir þeim verkefnum sem áður voru á herðum heilbrigðisstofnananna á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og heilsugæslustöðvanna á Dalvík og Akureyri. Þá annast stofnunin starfsnám í heilbrigðisgreinum og starfar í tengslum við háskóla á sviði fræðslumála heilbrigðisstétta og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Heilbrigðisstofnun Norðurlands er með fjölmennustu vinnustöðum á Norðurlandi þar sem starfa að jafnaði um 450 manns í um 330 ársstörfum, ársvelta er um 4 milljarðar króna.

Forstjóri ber ábyrgð á að HSN starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Hann skal einnig hafa þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum ásamt leiðtogaþæfileikum.

Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri, [sveinn.magnusson@vel.is](mailto:sveinn.magnusson@vel.is). Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is) eigi síðar en 31. júlí nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Velferðarráðuneytinu, 10. júlí 2014



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu). Heilbrigðisráðherra skipar í stöðuna til fimm ára frá 1. október 2014.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Starfssvæði stofnunarinnar nær frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja og Hornafjarðar. Heilbrigðisstofnun Suð-austurlands á Hornafirði er rekin af sveitarfélaginu samkvæmt sérstökum samningi. Stofnunin annast starfsnám í heilbrigðisgreinum og starfar í tengslum við háskóla á sviði fræðslumála heilbrigðisstétta og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Heilbrigðisstofnun Suðurlands er með fjölmennustu vinnustöðum á Suðurlandi þar sem starfa að jafnaði um 475 manns í um 300 ársstörfum, ársvelta er um 4 milljarðar króna.

Forstjóri ber ábyrgð á að HSu starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Hann skal einnig hafa þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum ásamt leiðtogaþæfileikum.

Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri, [sveinn.magnusson@vel.is](mailto:sveinn.magnusson@vel.is). Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is) eigi síðar en 31. júlí nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Velferðarráðuneytinu, 10. júlí 2014



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða (HSV). Heilbrigðisráðherra skipar í stöðuna til fimm ára frá 1. október 2014.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Starfssvæði stofnunarinnar önnuðust áður heilbrigðisstofnanirnar á Ísafirði og Patreksfirði. Þá annast stofnunin starfsnám í heilbrigðisgreinum og starfar í tengslum við háskóla á sviði fræðslumála heilbrigðisstétta og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er með fjölmennustu vinnustöðum á Vestfjörðum þar sem starfa að jafnaði um 200 manns í um 140 ársstörfum, ársvelta er um 1,6 milljarðar króna.

Forstjóri ber ábyrgð á að HSV starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Hann skal einnig hafa þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum ásamt leiðtogaþæfileikum.

Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri, [sveinn.magnusson@vel.is](mailto:sveinn.magnusson@vel.is). Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is) eigi síðar en 31. júlí nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Velferðarráðuneytinu, 10. júlí 2014.



CAFÉ  
**MEZZO**

Café Mezzo leitar að skemmtilegum og duglegum einstaklingi í fullt starf frá og með 1. ágúst, eða fyrr eftir samkomulagi.

Reynsla af kaffihúsi er æskileg. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á mezzo@mezzo.is merkt „Mezzo fullt starf“ fyrir lok dags 17. júlí nk.

Café Mezzo er 2 ára gamalt fjölskyldurekið kaffihús staðsett á 2. hæð í lúhúsinu í Lækjargötu. Lögð er áhersla á afbrigðis þjónustu og gæði.

## Bifvélavirki óskast

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja með réttindi eða sambærilega menntun og staðgöða almenna þekkingu á rafkerfum. Upplýsingar í síma 420 6610 og 842 6615



Æco þjónusta ehf  
Njarðarbraut 17  
Njarðvík

**Bakari (konditor)**

**Brauðgerð Kr. Jónssonar & co á Akureyri óskar eftir að ráða bakara (konditor) til framtíðarstarfa.**

Leitað er eftir samvisskusömum og röskum aðila með reynslu.

Vinnutími er afar hagstæður.

Brauðgerðin leitar einnig eftir bakaranema á samning.

Nánari upplýsingar veita Birgir í síma 864 5901 og Kjartan í síma 864 5902

**BRÁUÐGERÐ KR. JÓNSSONAR & CO.**

**Sundþjálfari**

Staða sundþjálfara hjá Sunddeild Aftureldingar er laus til umsóknar. Óskað er eftir því að þjálfari geti tekið til starfa um miðjan ágúst n.k.

Starfssvið:

- Þjálfun á Höfrungum 6-7 ára tvisvar í viku
- Þjálfun á Bronshóp 8-9 ára þrisvar í viku

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sundþjálfun og menntun á sviði íþróttafraeða er kostur. Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með samskipti við börn og unglinga og vera þeim góð fyrirmynd.

Einnig er laus til umsóknar þjálfun á Görpum 25+ ára (þarf ekki að vera sami aðilinn).

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berast á netfangið [sund@afturelding.is](mailto:sund@afturelding.is) fyrir 30.júlí. Einnig ef veita þarf nánari upplýsingar.

**Leikskólinn Krummakot í Eyjafjarðarsveit óskar eftir að ráða til sín starfsfólk í eftirfarandi stöðum:**

- Stöður leikskólakennara, bæði fullt starf og hlutastarf.
- Blönduð störf, 100% starf.

Ef ekki fást leikskólakennarar í auglýstar leikskólakennarastöður verður ráðið fólk með aðra menntun sem nýtist í starfi.

Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar [esveit@esveit.is](mailto:esveit@esveit.is)

Upplýsingar veitir Hugrún Sigmundsdóttir skólastjórnandi í síma 892-7461, netfang [hugrun@krummi.is](mailto:hugrun@krummi.is)

Umsóknarfrestur er til 31. júlí n.k.

## Steinborg ehf Fígaró náttúrusteinn

Steinborg ehf óskar eftir að ráða tvo starfsmenn til starfa. Annars vegar reyndan steinsmið með áhuga og getu til að leysa flókin og skemmtileg sérsmiðaverkefni. Og hins vegar starfsmann til almennrar smíðavinnu í steinsmiðju ásamt vinnu á lager og við útkeyrslu. Hjá Steinborg starfar góður og samheldinn hópur. Í boði eru sanngjörn laun og góður vinnutími. Hreint sakavottorð, reykleysi og reglusemi eru skilyrði.

### Starfsmaður í steinsmiðju:

- Iðnenntun kostur en ekki skilyrði
- Samvisskusemi, nákvæmni og vandvirkni
- Þjónustulund, sveigjanleiki og jákvæðni
- Lyftarpróf, ADR réttindi og meirapróf er kostur
- Bílpróf skilyrði

### Steinsmiður:

- Góð þekking og reynsla af steinsmiði
- Hæfni til að leysa flókin sérsmiðaverkefni
- Samvisskusemi, nákvæmni og vandvirkni
- Þjónustulund, sveigjanleiki og jákvæðni

**TALENT**  
RÁÐNINGAR

Linnetsstigur 1 | 220 Hafnarfjörður | [talent@talent.is](mailto:talent@talent.is) | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, [lind@talent.is](mailto:lind@talent.is)

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, [www.talent.is](http://www.talent.is)

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Stundakennari í íþróttum í Hörðuvallaskóla
- Skólaliði í Salaskóla
- Leikskólastjóri í Grænatún
- Leikskólakennari í leikskólann Dal
- Leikskólakennari í leikskólann Austurkór
- Deildarstjóri í leikskólann Austurkór
- Deildarstjóri í leikskólann Urðarhól

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

**18 00**

Á næstunni verður hægt að hringja í **1800** í stað 118 til að fá upplýsingar um símanúmer og allt hitt á betra verði og við hjá **1800** erum að leita að besta samstarfsfólkinu.

Við leitum af fólki sem getur byrjað fljótlega og er tilbúið að vinna með okkur og vaxa.

Sendið fyrirspurnir á [hallo@1800.is](mailto:hallo@1800.is)

**Hérna... ég er í smá bobba. Ekki getur þú reddað mér númerinu hjá blómabúðinni þarna í Hamraborg?**

**Nú hringir þú í 1800 í stað 118**

#spurdu1800

@atjannullnull

Blómabúðin 18 Rauðar rósir er með símann 554 4818 og er opin alla virka daga til kl 19.





1954  
2014 60

Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.

## PÍPULAGNINGAMENN

ÍAV óskar eftir að ráða öfluga pípulagningamenn til starfa. Verkefni sem unnið er að eru á höfuðborgarsvæðinu og á suðurnesjum.

Í boði er:

- Góð verkefnastaða
- Góð laun fyrir rétta aðila
- Góður aðbúnaður og starfsandi

Nánari upplýsingar veitir Snæbjörn R. Rafnsson, verkefnastjóri pípulagna í síma 660-6201.

Umsóknir óskast lagðar inn í gegnum heimsíðu ÍAV, [www.iav.is](http://www.iav.is)

**Við breytum vilja í verk**



ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | [www.iav.is](http://www.iav.is)

## Íþróttakennari óskast á Vopnafjörð

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir íþróttakennara fyrir næsta skólaár. Skólinn leggur áherslu á íþróttakennslu með fleiri íþróttatímum en ætlast er til og er heilsuefandi skóli.

Þá vantar umsjónarmann með félagsstarfi unglinga og kennara í almenna kennslu.

Upplýsingar hjá skólafjöra í síma 8614256, [adalbjorn@vopnaskoli.is](mailto:adalbjorn@vopnaskoli.is)



## TÍMABUNDIÐ STARF

**Starfssvið:** Móttaka, meðhöndlun og flokkun á hráefni  
**Starfstímabil:** Lok júlí til loka september, nánar kveðið á um í samkomulagi milli aðila.

**Hæfniskröfur:** Samskiptahæfileikar, Sjálfstæð vinnubrögð, sveigjanleiki og reglusemi. Umsækjandi þarf að hafa náð 18 ára aldri.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á [arnthor@isteka.com](mailto:arnthor@isteka.com)



## Spennandi vinna í boði.

Ég er 44 ára kona og óska eftir barngöðu aðstoðarfólki um helgar og á virkum dögum í vaktavinnu fyrir haustið 2014. Er gift og móðir 2 ára drengs. Mér finnst gaman að lesa bækur, ferðast, þjálfva hundinn okkar og er laganemi í Háskóla Reykjavíkur. Lifi lífinu lifandi.

Starfið felur í sér aðstoð við athafnir daglegs lífs og heimilishald. Unnið er eftir hugmyndafræði um notendastýrða persónulega aðstoð.

**Hæfniskröfur:**

Góð almenn menntun og íslenskukunnátta. Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði, jákvæðni, stundvísni og sjálfstæð vinnubrögð. Hreint sakavottorð skilyrði. Bílpróf.

**Umsóknarfrestur er til 24 júlí.**

Umsóknir og nánari upplýsingar berist í tölvupósti til Ásdísar Jennu: [AsdisJenna@npa.is](mailto:AsdisJenna@npa.is)



## KRAFTUR – stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur

Kraftur leitast að sálfræðingi, í 30% starfshlutfall, til að hafa umsjón með Stuðningsneti félagsins ásamt því að veita sálfræðiþjónustu fyrir félagsmenn. Í gegnum Stuðningsnetið eru sjálfbóðaliðar þjálfaðir til að gerast stuðningsfulltrúar sem veita jafningjastuðning til annarra í svipuðum sporum.

**Helstu hlutverk umsjónarmanns stuðningsnetsins eru að:**

- Meta umsækjendur í hlutverk stuðningsfulltrúa
- Halda námskeið fyrir stuðningsfulltrúa
- Finna viðeigandi stuðningsfulltrúa fyrir beiðni sem berast
- Veita stuðningsfulltrúum handleiðslu
- Skiptleggjá endurmenntun
- Kynning á stuðningsnetinu
- Samstarf við stjórn og framkvæmdarstjóra félagsins

**Við leitum að sálfræðingi með**

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Getu til að koma fram á opinberum vettvangi
- Góða samstarfshæfileika
- Ríka þjónustulund

Umsóknir með ferilskrá sendist á [formadur@kraftur.org](mailto:formadur@kraftur.org) til og með 5. ágúst. Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldóra Viðisdóttir formaður Krafts í síma 848-2636 eða [formadur@kraftur.org](mailto:formadur@kraftur.org)



## Akademískur sérfræðingur

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands auglýsir laust til umsóknar starf akademísks sérfræðings við stofnunina á starfsstöð hennar á Egilsstöðum.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands hyggst koma á fót rannsóknarverkefni til tveggja ára undir yfirskriftinni **Maður og náttúra** frá og með haustinu 2014, í samvinnu við sveitarfélagið Fljótaldshérað.

**Umsóknarfrestur er til 18. ágúst nk.**

Nánari upplýsingar um starfið má finna á [www.hi.is/laus\\_storf](http://www.hi.is/laus_storf)

- Umsækjendum er skylt að leggja fram ítarlega rannsóknaráætlun um hvernig þeir hyggjast nálgast rannsóknarverkefnið, en það má nálgast út frá greinum félagsvísinda, heilbrigðisvísinda, hugvísinda, menntavísinda og/eða verkfræði- og náttúruvísinda.
- Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi. Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, lipurð í mannlegum samskiptum, gott vald á ensku og íslensku er nauðsyn. Reynsla af alþjóðasamstarfi er æskileg sem og reynsla af því að byggja upp samstarf ólíkra aðila.
- Auk sjálfstæðra akademískra rannsókna þarf starfsmaðurinn að geta tekið að sér að leiðbeina háskólanemum í framhaldsnámi.
- Sérfræðingurinn verður starfsmaður Háskóla Íslands en hefur starfsaðstöðu á Egilsstöðum í Austurbrú og gegnir starfi sínu þaðan. Búseta á svæðinu er skilyrði. Um fullt starf er að ræða og verður ráðið í starfið til tveggja ára með möguleika á framlengingu.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir **Sæunn Stefánsdóttir**, forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands í síma 525 4041, [saeunnst@hi.is](mailto:saeunnst@hi.is).



HÁSKÓLI ÍSLANDS



# Öryggisstjóri

## Vilt þú taka þátt í sókn Nýherja?



Öryggisstjóri ber ábyrgð á þróun, rekstri og viðhaldi öryggisstjórnunarkerfis Nýherja og leiðir öryggisráð fyrirtækisins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með þekkingu á öryggisumhverfi í upplýsingatækni.

### Starfssvið:

- Stefnumótun og ráðgjöf við uppbyggingu, þróun og viðhald almennra öryggismála hjá Nýherjasamstæðunni
- Viðhald og eftirfylgni með ISO 27001 vottun Nýherja og samstarf við vottunaraðila
- Stefnumótun og ákvarðanir sem tengjast upplýsingatækni-kerfum samstæðunnar
- Umsjón með starfsmannafræðslu um upplýsingaöryggi, forvarnir og viðbrögð

### Við leitum að einstaklingi með:

- Reynslu og/eða menntun í stjórnun öryggismála
- Reynslu og/eða menntun á sviði upplýsingatækni
- Þekkingu á ISO 27001
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, drifkraft og vilja til verka

Umsóknarfrestur er til og með **28. júlí 2014**. Sótt er um starfið á vef Nýherja, [nyherji.is/atvinna](http://nyherji.is/atvinna). Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Nánari upplýsingar veitir Elva Tryggvadóttir, sérfræðingur starfsmannabjónustu, [elva.tryggvadottir@nyherji.is](mailto:elva.tryggvadottir@nyherji.is)



Hjá Nýherja starfar samheldinn hópur að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við leggjum áherslu á sterka liðsheild, uppbyggingu þekkingar og framsýna þjónustu til að mæta þörfum viðskiptavina. Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals um 450 starfsmenn á Íslandi og í Svíþjóð.

**Kynntu þér fleiri áhugaverð störf laus til umsóknar inni á vefnum okkar, [nyherji.is/atvinna](http://nyherji.is/atvinna)**



# Spennandi störf við Háskólann á Bifröst

Háskólinn á Bifröst er leiðandi í nýjum kennsluháttum og leggur áherslu á að mennta samfélagslega ábyrga stjórnendur og starfsmenn. Starf skólans mótast af þremur grunnildum: **samvinnu, frumkvæði og ábyrgð**.



### Framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu

#### Helstu verkefni

- Stjórn kennslu- og þjónustusviðs og þátttaka í nefndastarfi skólans
- Gerð námsskráa, námskeiðslýsinga og kennsluáætlaða í samstarfi við starfsmenn
- Verkefni tengd kennslu, innritunum og brautskráningu, sem og umsjón með tölfræðilegum upplýsingum um nemendur
- Umsjón með framkvæmd kennslumats og úrvinnsla þess
- Samskipti við ráðuneyti, nemendur og kennara

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni
- Reynsla af störfum í háskólaumhverfi æskileg, ekki síst á sviði kennslumála
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Góð tölverkunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta

### Námsráðgjafi

#### Helstu verkefni

- Námsráðgjöf, aðstoð við nemendur við skipulagningu náms
- Aðstoða nemendur við að leita lausna í málum þeirra
- Gæta að jafnræði meðal nemenda

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af náms- eða starfsráðgjöf er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Æskilegast er að umsækjendur búi á Bifröst eða í nágrenni. Nánari upplýsingar veitir Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir í síma 894 1076 eða með tölvupósti til [guðrunbjorg@bifrost.is](mailto:guðrunbjorg@bifrost.is). Umsóknir skulu sendar á [rektor@bifrost.is](mailto:rektor@bifrost.is). **Umsóknarfrestur er til 1. ágúst nk.**

[www.bifrost.is](http://www.bifrost.is)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



## EFLA verkfræðistofa óskar eftir starfsmanni á iðnaðarsvið

Óskað er eftir verk- eða tæknifræðingi með reynslu af stýrikerfum (PLC og SCADA). Viðkomandi þarf að geta fylgt eftir kerfum á verkstað bæði á Íslandi og erlendis, aðallega Noregi. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi í framtíðarstarf, sem hefur áhuga á að vinna í fjölbreyttu umhverfi.

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfirmi sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbrigðis starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheimild yfir 240 samhentra starfsmanna.

Hæfniskröfur:

- Verk- eða tæknifræði menntun er nauðsynleg
- Haldgóð reynsla og þekking á hönnun og forritun iðnstýrikerfa
- Reynsla í einhverjum af eftirfarandi hugbúnaði; Siemens, Rockwell, Schneider Electric, ABB, Wonderware eða Lab View.

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast í gegnum heimasíðu EFLU, [www.efla.is/umsokn-um-starf](http://www.efla.is/umsokn-um-starf), fyrir 25. júlí næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Brynjar Bragason, sviðsstjóri iðnaðarsviðs, [brynjar.bragason@efla.is](mailto:brynjar.bragason@efla.is).



HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • [www.efla.is](http://www.efla.is) • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • SVÍPJÓÐ • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND



ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARÍÐNAÐI

### Kranamaður óskast

Eykt ehf óskar eftir vönum kranamanni til starfa sem fyrst vegna verkefna fyrirtækisins.

Sækja skal um starfið á heimasíðu Eyktar, [www.eykt.is](http://www.eykt.is) undir „Atvinna“ eða með tölvupósti [eykt@eykt.is](mailto:eykt@eykt.is).

Nánari upplýsingar veitir Páll Daníel Sigurðsson alla virka daga milli kl 09:00 -16:00 í síma 822-4422

Eykt ehf. Stórhöfða 34-40. 110 Reykjavík S: 595-4400



Heilsborg leitast að áhugasömum og framsæknum sjúkrþjálfara sem vill taka þátt í uppbyggingu og þróun á nýjum meðferðarúrræðum. Um er að ræða verktakavinnu þar sem áhersla er lögð á æfingamiðaða meðferð. Reynsla í hóppjálfun kostur. Nánari upplýsingar veitir Óskar Jón Helgason forstöðumaður heilbrigðisþjónustu í síma 897-9271.

Umsóknarfrestur er til og með 1. ágúst.

Umsóknir sendist á netfangið [oskar@heilsborg.is](mailto:oskar@heilsborg.is)



## STARF HJÁ EIMSKIP Á AKUREYRI

Hjá Eimskip á Norðurlandi starfar öflugur hópur fólks sem hefur gildi Eimskips, *árangur, samstarf og traust* að leiðarljósi í störfum sínum. Nú leitum við að nýjum liðsmanni á Akureyri.

### Vöruhúsaþjónusta – framtíðarstarf

Helstu verkefni eru vörumóttaka og vöruafgreiðsla. Almenn gildir að fastur vinnutími er frá kl. 08:00-16:00 alla virka daga en viðkomandi aðili þarf að hafa sveigjanleika til að geta unnið lengur ef þörf er á. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Lyftararéttindi (J)
- Góð tölvukunnátta
- Þjónustulund og jákvæðni
- Góð íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Eyland, svæðisstjóri Eimskips á Norðurlandi í síma 525 7821. Umsjón með ráðningunni hefur Erla María Árnadóttir í síma 525 7131, [era@eimskip.is](mailto:era@eimskip.is).

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskips, [www.eimskip.is](http://www.eimskip.is), til og með 25. júlí. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.



[www.eimskip.is](http://www.eimskip.is)

YFIR HAFIÐ OG HEIM Í 100 ÁR



GRINDAVÍKURBÆR

## Grindavíkurbær óskar eftir starfsmanni í þjónustumiðstöð

Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstakling sem hefur áhuga á fjölbreyttum verkefnum. Karlar sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Um framtíðarstarf er að ræða.

### Verksvið og ábyrgð

- Starfsmaður er umsjónarmaður grænna- og opinna svæða
- Yfirmaður vinnuskóla
- Áætlanargerð og skipulagning
- Viðhald með götugögnum
- Umsjón með efnislosun og sorphirðu í bæjarlandinu auk ýmissar þjónustu við bæjarbúa vegna þessara verkefna
- Bakvaktir skv. bakvaktarkerfi þjónustumiðstöðvar.
- Öll tilfallandi störf í þjónustumiðstöð, m.a. afleysingar á þjónustubifreið, snjómokstur ofl.

### Hæfniskröfur

- Starfsreynsla æskileg sem nýst getur í starfi
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Tölvukunnátta í outlook, word og excel.
- Bílpróf, og vinnuvélaréttindi
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarins
- Lipurð í mannlegum samskiptum


Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesja. Umsóknarfrestur er til og með 1. ágúst nk.

Senda skal umsókn og starfsferilskrá til Sigmar B. Árnason byggingafulltrúa á [bygg@grindavik.is](mailto:bygg@grindavik.is), nánari uppl. í síma 420 110

Grindavíkurbær

Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust





www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Lausar stöður við Sundstaði Hafnarfjarðar

- Tækjavörður við Sundhöll Hafnarfjarðar
- Karlkyns sundlaugarvörður við Suðurbæjarlaug
- Kvenkyns sundlaugarverðir við Ásvallalaug og Sundhöll Hfj.

Um er að ræða 100% störf. Æskilegt er að viðkomandi aðilar geti hafið störf um miðjan ágúst n.k.

Viðkomandi starfsmenn fá viðeigandi fræðslu og þjálfun og þurfa að standast laugarvarðarpróf.

Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi sveitarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Hrafnkelsson, forstöðumaður sundstaða í Hafnarfirði; adalsteinnh@hafnarfjordur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí n.k.**  
Umsóknum skal skilað til Ásvallalaugar, Ásvöllum 2, 221 Hafnarfirði merkt „starfsumsókn“ eða á netfangið adalsteinnh@hafnarfjordur.is



## EY

Building a better working world

### Ernst & Young ehf. óskar eftir nemum sem stefna á löggildingu í endurskoðun

Við leitum að fólki sem skráð er í meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun og stefnir að því að verða löggiltir endurskoðendur.

Störf á endurskoðunarskrifstofu byggja á gæðum og faglegum vinnubrögðum. Nemar sem ráðast til okkar í endurskoðun þurfa því að hafa frumkvæði og getu til að starfa sjálfstætt, ásamt því að hafa ríka þjónustulund.



Við hjá EY reynum að koma til móts við ólíkar þarfir starfsmanna og bjóðum m.a nemum okkar upp á hlutastarf meðan á námi stendur.

EY er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafarfyrtæki með yfir 175.000 starfsmenn í 150 löndum.

Umsóknir ásamt einkunum sendist til Hildar Pálsdóttur, hildur.palsdottir@is.ey.com

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí n.k.

www.ey.is

## LUNGNALÆKNINGAR

### Skrifstofustjóri / lækningaritari

Laust er til umsóknar starf skrifstofustjóra/ lækningaritara sérgreinar í lungnalækningum. Starfshlutfall er 100%. Vinnutími er virka daga frá kl. 08:00-16:00. Æskilegt að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Umsjón með rekstri skrifstofu sérgreinarinnar
- » Umsjón og frágangur sjúkraskráa og læknaþréfa
- » Upplýsingagjöf og samskipti við t.a.m. sjúklinga og starfsmenn
- » Ýmis verkefni fyrir yfirlækni og sérfræðilækna sérgreinarinnar
- » Aðstoð við skipulagningu kennslu og vísindastarfa á vegum sérgreinarinnar
- » Þátttaka og þróun í upplýsingatækni við ritun í rafræna sjúkraskrá sviðsins
- » Ýmis verkefni tengd klínískri skráningu og skjalastjórnun

#### Hæfniskröfur

- » Löggiltur lækningaritari með haldgóða reynslu af lækningaritarastörfum
- » Mjög góð kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- » Góð tölvukunnátta, skipulögð, sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- » Góð samskiptahæfni

#### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 28. júlí 2014.
- » Starfshlutfall er 100%, unnið er í dagvinnu.
- » Upplýsingar veitir Þórdís Ágústa Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi, netfang thoring@landspitali.is, sími 543 9106.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisfestnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



## Laus störf hjá Nóatúni

Áhugasamir vinsamlegast sæki um á [www.noatun.is](http://www.noatun.is)  
Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí

### Matráður í Nóatún Austurveri

**Starfslýsing:**

- Matargerð í versluninni.
- Þjónusta við viðskiptavini.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af matseld er skilyrði.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulögð vinnubrögð.

### Vaktstjóri

**Starfslýsing:**

- Þjónusta við viðskiptavini.
- Verkstjórnun og þjálfun starfsfólks.
- Vera staðgengill verslunarstjóra í fjarveru hans.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af þjónustustörfum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund.

Opið til miðnættis alla daga **8-24**

**NÓATÚN**





MOSFELLSBÆR

## Þjónustustöð Mosfellsbæjar auglýsir eftir

- Verkefnastjóra garðyrkju.
- Almennum starfsmanni.
- Verkstjóra veitna.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2014.

Upplýsingar um laus störf hjá Mosfellsbæ er hægt að sjá á [www.mos.is](http://www.mos.is)

Þjónustustöð Mosfellsbæjar sér um alla almenna þjónustu við bæjarbúa á sviði tækni og umhverfismála, svo sem snjóruðning, viðhald og rekstur gatna, holræsa, veitna, umferðarmannvirkja og opinna svæða, auk þess að aðstoða garðyrkjudeild og vinnuskóla.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær  
Sími 525 6700 • [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) • [www.mos.is](http://www.mos.is)

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi

## Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi auglýsir eftir Matrád

Starfið felur í sér yfirumsjón með starfsemi eldhúss og eldamennsku fyrir íbúa Dvalarheimilisins og annara sem kaupa mat á heimilinu. Auk þess er á veturnar eldaður matur fyrir nemendur og starfsfólk Grunnskólans og hann fluttur í skólann.

Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja menntun í matreiðslu og næringarfræði og góða reynslu af starfi í mótuneyti.

Umsóknarfrestur er til 25. júlí, ráðið verður í starfið frá og með 15. ágúst n.k.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Stykkishólmsbæjar – [www.stykkisholmur.is](http://www.stykkisholmur.is) og á skrifstofu Stykkishólmsbæjar. Umsóknir berist undirritaðri á Dvalheimili aldraðra, Skólastíg 14, 340 Stykkishólmi eða á netfangið [hildigunnur@stykkisholmur.is](mailto:hildigunnur@stykkisholmur.is).

Allar nánari upplýsingar á staðnum eða í síma: 4338165 alla virka daga.

Hildigunnur Jóhannesdóttir  
Forstöðumaður Dvalarheimilis aldraðra

## Skipstjóri, vélstjóri, vinnslustjóri

Vinnsluskipið Ísbjörn sem er við Grænland óskar eftir skipstjóra ( A.6 2. stig ), afleysingayfirvélstjóra ( VS-1) Æskilegt er að viðkomandi hafa a.m.k. lágmarks tungumálaþekkingu í dönsku. Vantar einnig vinnslustjóra fyrir grálúðu, dönsku kunnátta nauðsynleg

Uppl. Elli í s. 899 0910



## 100% starf í veitingasal - Nýbýlavegur -

Okkur vantar duglega og drífandi starfsmenn á Nýbýlavegi, til að vinna í veitingasal - í fullu starfi á vöktum. Leitum að metnaðargjörru og drífandi fólki með mikla þjónustulund. Eingöngu er leitað að fólki í fullt starf. Umsækjandi þarf að vera eldri en 18 ára.

Sendu okkur umsókn á [tokyo@tokyo.is](mailto:tokyo@tokyo.is) og láttu fylgja ferilskrá og mynd. Nánari upplýsingar um Tokyo sushi eru á [tokyo.is](http://tokyo.is)



HJÚKRUNARHEIMILI



## Aðstoðardeildarstjóri

Laus er staða aðstoðardeildarstjóra 5.hæðar frá 1.september 2014 eða eftir samkomulagi.

### Hæfniskröfur:

Hjúkrunarfræðingur með íslenskt starfsleyfi. Reynsla í stjórnun æskileg. Hæfni í mannlegum samskiptum.

### Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. ágúst n.k.

Skjól er hjúkrunarheimili aldraðra þar sem hjúkrun er veitt í hlýlegu umhverfi.

### Upplýsingar veitir:

Guðný H. Guðmundsdóttir  
Framkvæmdarstjóri hjúkrunar  
Sími 522 5600, netfang [skjoly@skjoly.is](mailto:skjoly@skjoly.is)



Hjúkrunarheimili  
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík.  
Sími. 522 5600  
Skjól er reyklaus vinnustaður

## Leikskólastjóri Grænatún

100% starf frá 1. október 2014 eða eftir nánara samkomulagi.

Grænatún er þriggja deilda leikskóli þar sem dvelja 65 börn.

### Menntunar og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða leikskólafræðum æskileg
- Reynsla af starfi í leikskóla skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri mikilvæg
- Góð tölvukunnátta
- Forystuhæfileikar og góð samskiptahæfni skilyrði

### Frekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FSL.

Starfað er skv. starfslýsingu Kópavogsbæjar og Félags stjórnenda leikskóla.

Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá leikskólum Kópavogs þurfa að undirrita heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi, [sesselja@kopavogur.is](mailto:sesselja@kopavogur.is) gsm: 6923919, Sigurlaug Bjarnadóttir, leikskólafulltrúi, [sigurlaugb@kopavogur.is](mailto:sigurlaugb@kopavogur.is) gsm: 8615440 og Gerður Guðmundsdóttir leikskólaráðgjafi, [gerdur@kopavogur.is](mailto:gerdur@kopavogur.is) gsm: 6617027 Sími á skrifstofu Kópavogsbæjar er: 570-1500

Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2014.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Umsækjendur athugið að ekki er tryggt að umsókn hafi borist, nema þið fáið svar þess efnis að hún hafi verið móttækin.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Íþróttafulltrúi / þjálfari



Ungmennafélag Kjalnesinga óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling til starfa. Íþróttafulltrúi sér um skipulagningu og framkvæmd íþróttastarfs á Kjalarnesi.

### Starfssvið:

- Skipulagning á íþróttastarfi félagsins
- Stefnumótun og verkefnastjórnun
- Þjálfun
- Forvarnarstarf
- Samstarf við önnur félög
- Samstarf við aðrar stofnanir á svæðinu

### Hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði íþróttar og tómstundamála
- Reynsla er nýtist í starfi æskileg
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Þjónustulund
- Samviskusemi

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um félagið er að finna inn á [www.umfk.is](http://www.umfk.is).

Umsókn, ásamt ferilskrá sendist til [gudrun.formadur@gmail.com](mailto:gudrun.formadur@gmail.com) fyrir 20. júlí n.k.



## Heilsugæslulæknar við Heilsugæsluna Grafarvogi

### Heilsugæslulæknar

Laus eru til umsóknar tvö störf heilsugæslulækna við Heilsugæsluna Grafarvogi.

Annars vegar er um ótímabundið starf að ræða og hins vegar tímabundið í eitt ár. Ráðið verður í störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 80-100%.

Á heilsugæslustöðinni eru starfandi sérfræðingar í heimilislækningum ásamt barnalækni, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sálfræðingi, félagsráðgjafa og riturum. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar ([www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)).

### Helstu verkefni og ábyrgð

Starfssvið heilsugæslulækna er víðtækt og felst m.a. í almennum lækningum, heilsuvernd, vaktþjónustu og kennslu nema. Þeir veita fræðslu og upplýsingar, leiðbeina skjólstaðingum og aðstandendum og eru virkir þátttakendur í teymisvinnu innan stöðva.

### Hæfniskröfur:

Þess er krafist að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum, búi yfir mikilli skipulagshæfni, séu sjálfstæðir í starfi og viðhafi öguð vinnubrögð. Mikil hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði og reynsla af teymisvinnu er æskileg.

Til greina kemur að ráða lækni án sérfræðileysis í tímabundið starf, fáist ekki sérfræðingur til starfa.

### Frekari upplýsingar um starfið:

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Stéttarfélag er Læknafélag Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf, vísinda- og rannsóknarstörf. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Porkelsdóttur, mannaúdstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Sækja skal um starfið á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins ([www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)) undir laus störf eða á Starfatorgi ([www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is))

Umsóknarfrestur er til og með 28. júlí 2014.

### Nánari upplýsingar veitir

Guðbrandur E. Þorkelsson, yfirlæknir Heilsugæslunnar Grafarvogi í síma: 585-7600 eða í gegnum tölvupóst: [gudbrandur.e.thorkelsson@heilsugaeslan.is](mailto:gudbrandur.e.thorkelsson@heilsugaeslan.is)





## Leiguherbergi

### Húsvörður óskast til starfa strax

Starfið felst í umsón og viðhaldi á eignum Leiguherbergja ehf, sem leigir út herbergi á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

Einnig sér húsvörður um öryggisgæslu og samskipti við leigutaka. Viðkomandi þarf að vera laginn, útsjónarsamur, skipulagður, heiðarlegur og reglusamur. Viðkomandi þarf einnig að hafa bílpróf, bíl til umráða og hreint sakavottorð. Kostur er ef viðkomandi hefur reynt í viðhaldi fasteigna eða á sviði öryggisgæslu.

Umsóknir á að fylla út á heimasíðu okkar [www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)



## MÚRBÚÐIN LEITAR STARFSMANNA

Múrbúðin óskar að ráða í eftirtalin störf:

- **Sölumaður í verslun.**  
Leitað er að einstaklingi 25 ára eða eldri. Samvirkusemi, þjónustulund og metnaður. Reynsla af sölustörfum æskileg.
- **Starfsfólk á kassa í fullt starf og 60% starfshlutfall.**  
Reynsla, metnaður, samsvirkusemi og þjónustulund.

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar á netfangið: [ragnar@murbudin.is](mailto:ragnar@murbudin.is)  
Öllum umsóknum svarað.

# MÚRBÚÐIN



### DRAFNAHÚS LEITAR EFTIR ÞROSKAÞJÁLFA Í 70 – 80 % STÖÐU.

Drafnarhús er sérhæfð dagþjálfun fyrir 20 einstaklinga með heilabilun. Umönnun og þjálfun skjólstaðinga Drafnarhúss er byggð á hugmyndafræði Tom Kitwoods þar sem einstaklingurinn er ávallt í öndvegi. Með þverfaglegri samvinnu leggjum við áherslu á vellíðan og gleði í öllum okkar störfum.

Við í Drafnarhúsi höfum mikinn áhuga á að fá þroskaþjálfva til liðs við okkur, við teljum þroskaþjálfva geta komið með nýjar og góðar hugmyndir inn í starfið og þar með stuðlað að enn betri þjálfun og umönnun.

Reynsla af starfi með einstaklinga með heilabilun er mikill kostur en ekki skylda. Starfið er fjölbreytt og krefjandi þannig að aðalatriðið er að vera opinn, áhugasamur og hugmyndaþráður. Vera tilbúinn að læra eitthvað nýtt og miðla þekkingu sinni inn í samstarfshópinn.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf **1. september 2014.**

Nánari upplýsingar veitir Erla Einarsdóttir, forstöðumaður í síma 695 3464 og á netfanginu [erla@alzheimer.is](mailto:erla@alzheimer.is)

Umsóknir sendist fyrir 28. júlí 2014 til forstöðumanns Drafnarhúss, Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði eða á netfangið [erla@alzheimer.is](mailto:erla@alzheimer.is)



AJ-vörulistinn auglýsir efir sölu- og vefumsjónarmanni í fullt starf. Hæfniskröfur eru starfsgleði, samskiptahæfni, frumkvæði, sjálfstæði og góð tölvu- og tungumálakunnátta (íslenska og enska eru æskileg, norðurlandamál er kostur).

